


Tímarit um samtímalist íslenskra kvenna

1. tölublað 2011

521





ritstjórn
Elísabet Brynhildardóttir
Ásta Briem
Bryndís Björnsdóttir
Lára Kristín Kristinsdóttir
Lilja Birgisdóttir
Ragnildur Jóhann
Selma Hreggviðsdóttir
Perla Dagbjartar Hreggviðsdóttir
Þórgunnur Oddsdóttir

útgefandi, ábyrgðarmaður og umbrót
Elísabet Brynhildardóttir
prófarkalestur Þórgunnur Oddsdóttir

prentun Oddi

Reykjavík 2011

Endemi 1. tölublað 2011
Tímarit um samtímalist íslenskra kvenna

verð í lausasölu 2.700
verð í áskrift 2.500

www.endemi.wordpress.com
endemi@gmail.com
Skiptholt 11-13
105 Reykjavík
ISSN 1670-8903



FUNDARGERÐ... (frá e

Hvaða listakonur detta ykkur í hug? **NAFNARUNA...**

komu þanna úti sem við höfum aldrei heyrt af

vera. **STELPUR** við verðum að vera óhræddar við a

„Væri ekki málið að reyna að virkja þetta fólk?“

erum að tala um unga **RÖTTÆKA** listfræð

seu til! **EG ER SVO SPENNT FYRIR ÖLLUM**

SAMTAL ER GOTT það gerist svo

út um vitan völl. **EINOS OG RÍKIÐ EFTIR**

lettara af þú það er í samtalsformi. Líka

ÞAD VANTAR EINMITT ÞETTA SAMTAL! bara

í skólanum þetta var stundum bara glærusjöv.

Og það vantar bara umræðuna allsstaðar. **FÖLKI FIN**

er það ekki orðið? Það þarf að efla mynd

FARIN AÐ SNÚAST UM AÐ VERA SVO „CLEVER

snidugur „tvíski“ í endann. og fólk er að

fatta? **OG KANNSKI VERÐUR FAGURFRÆ**

SVO ERU NÁTTÚRVILEGA TABÚ! eigum við

líklega snidugt að fjá einhverja gestapennu.

SVO MEGUM VIÐ EKKI GLEYMA ÞVI AÐ ÞETTA

við verðum spálfar að nálgast það sem slíkt

Hvað með dreifinguna! Hver hefur vit í þi?

AKVEÐA NAFNAFUND!!! „Svo lengi

hver sagði þetta eiginlega?

inhverjum fundi - eða nokkrum... hver man?)

En þessi? Hvað með hana? Em ekki einhverjar

? Flettum tímaritum. **NEI** Svona á þetta ekki að

þó leyfa síðunum að anda! **JÁ** það er **MIKILVÆGT**

Hvada fólk erum við að tala um? „Jú við
inga sem við erum búnar að ákveða að
ÞESSUM VIÐTÖLUM. Heyrðu ertu nokkuð með
kostnaðaráætlunina á þér?

mikið í samræðum og þar fara

PLATON - það verður einhvernvegin

Kóranninn! **JÁ** er það? Það vissi ég ekki!

allsstadar - og umræðu. Við töluðum stundum um það

BARA MÖTUN! ekkert samtal $\Delta\Delta\Delta\Delta\Delta\Delta$

NST ÞAD EKKI VITA NEITT. **MYNDLÆSI!**

læsi. SVO ER EINS OG MYNDUST SÉ STUNDUM

. Já einn og smíðug auglýsing með einhverju

bita eftir þú Hvenær kemur þetta sniðuga sem ég á að

ÞÍN ÞÁ ÚTUNDAN.

að fara eitthvað út í þann? Það var

Og það mega allveg vera **KARLMENN!**

ER SKO **LISTAVERK** - blatið sjálft. Og

. Eða kannski öllu heldur sem **GALLERÍ**

Og þetta nafn ættar aldrei að fæðast.

sem það er ekki með typpi þá má það standa"



AF

HVERJU

BARA

kONUR ?

Íslenskar konur eru óneitanlega í furðulegri aðstöðu. Á meðan íslenskir og erlendir fjölmiðlar hamra á því að hvergi í heiminum sé jafnrétti kynjanna meira, stöndum við femínistar gjarnan frammi fyrir því að þurfa að réttlæta jafnréttisskoðanir eins og um sé að ræða aðild að herskáum sértrúarsöfnuði. Flestar ef ekki allar íslenskar konur hafa upplifað á eigin skinni að kynjajafnrétti er síður en svo náð þrátt fyrir miklar yfirlýsingar og góðar stefnumótanir. Síðan hugmyndin að Endemi kviknaði hefur fjölmörgum verið mest umhugað um af hverju við ákváðum að einskorða okkur við konur?

Í þessum pistli langar okkur að svara þeirri spurningu, vonandi í eitt skipti fyrir öll, því Endemi er alls ekki hugsað til höfuðs karlmönnum heldur sem tæki til að rétta af stöðu kvenna með því að bjóða upp á vettvang fyrir samtímalistakonur til að koma verkum sínum og skoðunum á framfæri.

Kyn er aðeins ein vídd af mörgum sem ákvarða stöðu okkar í samfélaginu, aðrar víddir eru til dæmis þjóðerni, trúarbrögð, stétt, litarhaft, fötlun, menntun, aldur, kynhneigð o.s.frv. En þrátt fyrir gífurlegan fjölbreytileika kvenna eigum við þó sitthvað sameiginlegt og ekki síst þegar kemur að rótgrónum hugmyndum um stöðu og hlutverk kynjanna.

Valgerður Björg Hafsteinsdóttir skrifar í lokaritgerð sinni, frá myndlistardeild Listaháskóla Íslands 2010, að hún hafi fengið það heilræði frá prófessornum sínum eftir að hún eignaðist barn: „Að passa sig á að gleyma sér ekki í kökubakstri og taka myndlistina alvarlega.“¹ Aðrar myndlistarkonur sem við þekkjum hafa fengið svipuð heilræði og einni ritstýru Endemis var til að mynda ráðlagt af þekktum íslenskum sýningastjóra að: „Í guðanna bænum ekki fara í myndlist“ því: „Það síðasta sem vantar eru fleiri myndlistarkonur.“ Snúum nú þessum tilvikum á haus og ímyndum okkur að myndlistarnemendurnir hefðu verið karlkyns, þá verður að teljast ólíklegt að þeir hefðu fengið slíkar átölur vegna kyns eða barneigna.

Listfræðingurinn og kynjafræðingurinn Whitney Chadwick talar um að myndlistarkonur hafi í gegnum tíðina verið hvattar til að blanda ekki saman listum og tilveru sinni sem konur, að þetta tvennt þyrfti að aðskilja ef þær ætluðu sér að ná árangri.² Þá bendir Frances Borzello list- og sagnfræðingur á að þrátt fyrir að konum hafi fjölgað stöðugt í myndlistarheiminum frá upphafi 20. aldarinnar, og þær séu í dag oft hlutfallslega fleiri en karlar í listnámi, þá hafi myndlistarsenunni alla tíð verið stjórnað af karlmönnum.³ Konum virðist því þrengri stakkur búinn ef þær ætla að „meika það“ innan myndlistarinnar en körlum. Í nýlegri danskri rannsókn, sem Miriam Katz fjallar um í vefþímaritinu *Forum*, kemur í ljós að konur og karlmenn njóta síður en svo jafnréttis í listum í Danmörku og að kvenkyns- og karlkyns myndlistarmenn búa við afar mismunandi aðstæður til að iðka list sína.⁴ Í þessari ítarlegu rannsókn kemur fram að kvenkyns listamenn hljóti færri styrki og viðurkenningaverðlaun, verk þeirra eru síður keypt og þær eiga erfiðara með að komast að við viðurkenndar listastofnanir. Samkvæmt rannsókninni virðist ein helsta hindrun kvenlistamanna vera að verk þeirra eru yfirleitt metin af karlmönnum sem hygli



fremur kynbræðrum sínum þegar kemur að aðgengi og kaupum á verkum. Engin sambærileg nýleg rannsókn liggur fyrir á Íslandi en árið 1994 tóku nokkrar íslenskar myndlistarkonur saman tölfræði um íslenskt myndlistarumhverfi út frá kyni, í tilefni af opnun sýningar á veggspjöldum Guerilla Girls í Nýlistasafninu sama ár. Í úttekt þeirra kemur fram að þó að konur hafi talið um 2/3 hluta SÍM (Sambands íslenskra myndlistamanna) þá hafi opinberar stofnanir verið mun líklegri til að kaupa verk eftir karlmenn, verk kvenna hafi selst að meðaltali á yfir helmingi lægra verði og að karlkyns myndlistarmenn hafi fengið tvisvar sinnum fleiri starfslaunamánuðum úthlutað frá íslenska ríkinu á tímabilinu 1989-1993.⁵ Árið 1994 hafði ennfremur engin kona farið sem fulltrúi Íslands á Feneyjvatvíringinn sem er stærsti samtíma myndlistarviðburður sem við Íslendingar eigum aðild að. Óneitanlega hafa jafnréttismál innan íslensku listasunnar breyst til batnaðar síðan 1994 og einna helst má merkja jákvæða kynjajafnréttisþróun í listaverkakaupum stóru listasafnanna.

Á tímabilinu 2000-2005 keypti Listasafn Íslands 64 myndlistaverk eftir karla en 46 eftir konur og Listasafn Reykjavíkur 69 verk eftir karla en 33 verk eftir konur. Á tímabilinu 2005-2010 voru þessar tölur komnar í 30 verk eftir karla og 36 verk eftir konur hjá Listasafni Íslands og 32 eftir karla á móti 28 verkum eftir konur hjá Listasafni Reykjavíkur. Þessu ber að sjálfsögðu að fagna en ef við lítum til kynjahlutfalls starfandi myndlistarmanna á Íslandi þá er auðveldlega hægt að setja spurningamerki við hvort raunverulegu jafnrétti sé náð í listaverkakaupum safnanna.

Ástandið hefur einnig batnað eilítið hvað varðar Feneyjvatvíringinn sem virtist með öllu lokaður kvenkyns listamönnum fyrir innan við tveim áratugum síðan. Síðan við Íslendingar tókum fyrst þátt árið 1960 höfum við nú þrisvar sent konu sem fulltrúa okkar á móti 19 karlmönnum. Konur hafa verið í meirihluta þeirra sem stunda myndlist á Íslandi í áratugi og því í hæsta máta furðulegt að karlmenn innan fagsins njóti þetta meiri athygli og virðingar en konur.

„FJÖLMIÐLAR GETA ekki KENNT KONUM UM KYNJASLAGSÍÐU“⁶

Á undanförunum mánuðum hefur birst fjöldi greina⁷ þess efnis að konur séu ekki hlutfallslega jafnar körlum þegar kemur að sýnileika í fjölmiðlum og það virðist vera sem margir taki því sem nokkuð sjálfsögðum hlut. En ef við kryfjum þessar upplýsingar nánar áttum við okkur fljótt á alvarleika málsins og nauðsyn þess að snúa vörn í sókn.

Í skýrslu Global Media Monitoring Project árið 2010 kemur fram að konur eru 24% þeirra sem talað er við eða fjallað um í fréttum en karlmenn hinsvegar 76%.⁸ Í nýlegu svari Ríkisútvarpsins við fyrirspurn Tryggva Þórs Herbertssonar, þingmanns um viðmælendur í frétt- og þjóðlífsþáttum sést að hlutur kvenna er rýr. Af þeim 21 álitsgjafa sem komu oftast en þrisvar sinnum fram í Speglinum, Silfri Egils og Kastljósinu árið 2010, voru aðeins fimm þeirra konur eða tæp 24%.⁹ Hlutfallið 30/70 virðist vera allsráðandi, þ.e. að fyrir hverja konu sem rætt

er við leita blaðamenn til þriggja karlanna. Það eru því raddir karlanna sem eiga hvað greiðastan aðgang að fréttamiðlum og notendum þeirra. Þessar tölur sýna ennfremur berlega að konur eru ekki jafn eftirsóttar sem viðmælendur þegar kemur að viðtölum fyrir fréttatengt efni.

Þá eru hlutverkin sem karlar og konur birtast í ólík. Þegar hlutverk kynjanna voru skoðuð í sjónvarpsfréttatímum á Íslandi árið 2000 kom í ljós að í flestum málaflokkum voru konur í minnihluta í hópi viðmælenda.¹⁰ Konur voru til að mynda aðeins 3,4% þeirra stjórnenda fyrirtækja eða stofana sem rætt var við og aðeins 12,8% íþróttamanna sem rætt var við voru kvenkyns. 19,1% sérfræðinga sem rætt var við voru konur og rúmlega fjórði hver viðmælandi á sviði lista og menningar. Þá var í átta málaflokkum ekki talað við eina einustu konu.

Þessar tölur sýna okkur að ekki aðeins

eru konur lítið í fjölmiðlum, heldur virðast íslenskir fjölmiðlar kyrrlega fastir í einsleitum hugmyndum um hlutverk kvenna á Íslandi. Ef við leggjum til hliðar þá staðreynd að kynferði fólks hefur áhrif á líf þess og möguleika til starfsframa þá er samt sem áður furðulegt að í landi þar sem ríkir almenn samstaða um kynjajafnrétti, auk lögbundinna lýðræðis- og mannréttindaákvæða um jafnrétti almennt, skuli kyn draga svo úr sýnileika helmings þjóðarinnar í fréttum. Þetta býr til og ýtir undir bjagaða mynd og viðhorf af hlutverkum kynjanna sem eiga hreinlega ekki við í okkar samfélagi.

Konur eiga rétt á jákvæðri, ítarlegri og uppbyggilegri umfjöllun. Með Endemi vonumst við til að geta komið á framfæri áhugaverðum og einstökum konum sem sárlega vantar í okkar fjölmiðla í dag.

¹Valgerður Björg Hafsteinsdóttir (2010). *Staðsetning og úrvinnsla*. BA-ritgerð, myndlistardeild Listaháskóla Íslands.

²Chadwick, Whitney (1994). *Women, Art and Society*. London: Thames and Hudson Ltd.

³Borzello, Frances (2000). *A World of Our Own: Woman Artists since the Renaissance*. New York: Watson Guptill Publications.

⁴Katz, Miriam (2007). Kvínder må slås for deres kunst. Í *Wøbmagasinet FORUM*. Skoðað þann 22. febrúar 2011. Slóðin er: <http://www.kvinfo.dk/side/561/article/722/>

⁵*Lesbók Morgunblaðsins* (1994, 16. apríl). Sýning á veggspjöldum „Guerilla Girls“ í Nýlistasafninu: Samviska myndlistarheimsins: Tvar íslenskar myndlistarkonur ræða stöðuna hér á landi. Skoðað á gagnasafni Morgunblaðsins 22. febrúar 2011. Slóðin er http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=133694

⁶Adi Þór Fanndal (2011, 25. febrúar). Fjölmiðlar geta ekki kennt konum um kynjagslagsíðu. Í *Smugan: Vefrit um pólitík og mannlíf*. Skoðað 12. mars 2011. Slóðin er: <http://www.smugan.is/frettir/frettir/nr/5283>

⁷Sjá t.d. (2010, 29. september) Fjölmiðlar heimsins fjalla meira um karla en konur. Á *Vísir.is*. Skoðað 17. apríl 2011. Slóðin er: <http://www.visir.is/fjolmidlar-heimsins-fjalla-meira-um-karla-en-konur/article/2010856862299> (2011, 8.nóvember). Ekki töf á berjast fyrir réttindum kvenna. Í *Smugan: Vefrit um pólitík og mannlíf*. Skoðað 17. apríl 2011. Slóðin er: <http://www.smugan.is/frettir/frettir/2010/11/nr/4385>

⁸*Global Media Monitoring Project* (2010). Who Makes the News, bls VII. Skoðað 12. mars 2011. Slóðin er: <http://www.whomakesthenews.org>


⁹139. Lögjafarþing (2010–2011). Skoðað 12. mars 2011. Slóðin er: <http://www.althingi.is/altext/139/s/0891.html>

¹⁰Þorgeirur Katrín Gunnarsdóttir (2001). *Nefnd um konur og fjölmiðla*. Skoðað 12. mars 2011. Slóðin er: <http://bella.stjr.is/utgafur/fjolmidla2.pdf>



Hvernig er aftur
tilvitnunin í Laxness?

*„Listakonur mega ekki
missa þá yndislegu dulúð..nei
..þá dulúð
sem fylgir því að
vera karlmannslaus kona“*



23. mars 2011

Elsku samtíma list,

'Eg, Katrín L. Jónsdóttir Hjördisardóttir hlít hef verið að vinna í listaverkei sem fjallar um þig. Þar sem ég teki á við þess margbreytileika þinn og fjölbreytileika. Vegna þess að þú gafst mér innblástur og vegna þess að margt sem einkensir þig veður mér hugar brotum. Eg sem listamaður værd að taka þetta hugrangur og ástíðnað gagnvart öllu sem við kennum þér.

Eftir margar vinna stundir og frítíma með þér og þínum hef ég komist að þeirri niðurstöðu að ég værd að miða þessu listaverki sem fjallar um þig til þins margskonur og allskonar áhorfanda. Til þess að bota stöðu þína í allri þinni mynd.

Vegna þess að þú er mitt hjartans mál að miða og upplýsa áhorfanda þína um niðurstöðu mína.

viðingafyllt,

Katrín L.
fyrir ENDA MI 2011

23. mars 2011

Elsku bestu áhventuð;

Eg, Katrín í Jónsdóttir Hjónshöfðingja
skrif þér vegna þess að ég er að
vinna í verkefni - listaverki. Sum
fall er um samtímalist.

Nánnar tiltekið um samband þitt
gagnvart samtíma listaverki.

Það er að segja tilkoma möguleika
listaverka og margskonar nálgunar
möguleika að listaverkunum almennar.

Þriðja og þess að þú skulst og
netið þetta verk með opnum huga.

Gefið ykkur tíma til að melta verkefni
og gefið þér takifærni.

Hafið þá í huga að samtíma verk eru
oftast nær erfir, flókin og óvitskráleg...

EKKI vegna þess að það er ~~þetta~~ einn
skilningur á verkefni, - þvert á móti.

Samtímalist er yfirlit opið fyrir
allskonar skilningu og það er mjög
gott að hafa þá í huga alltaf þegar
upplifað er samtíma listaverk.

Þú virðingfyllt

Katrín í

fyrir ENDEMI 2011



Eintal sem leitar eftir samræðu

Myndlistargagnrýni á Íslandi
eftir Guðlaugu Matthildi Jakobsdóttur

„Ísland er eina landið þar sem fjallað er um bókmenntir í sjónvarpi og myndlist í útvarpi.“ Þessi setning, upprunnin frá Birgi heitnum Andrésyni, varð kveikjan að meistaraverkefni mínu sem ég kallaði Myndlistargagnrýni – Eintal sem leitar eftir samræðu og snérist um að kanna viðhorf fólks innan myndlistarsviðsins til myndlistargagnrýni í íslenskum fjölmiðlum. Í störfum mínum hafði ég oft heyrð á tal listamanna og ýmissa listunnenda hve fjölmiðlar fjölluðu lítið um myndlist og þá sérstaklega hve mikið skorti upp á að fagleg myndlistargagnrýni ætti sér stað. Mér fannst því skemmtileg áskorun að rannsaka hvort þessar fullyrðingar væru sannar.

RANNSÓKNIN

Rannsóknin fólst í þrenns konar aðferðum. Í fyrsta lagi voru sendir út spurningalistar í tölvupósti til 815 félaga í Sambandi íslenskra myndlistarmanna. Af þeim tóku um 35% þátt í könnuninni. Í öðru lagi þá voru tekin viðtöl við sjö manns sem starfa innan myndlistargeirans, galleríeigendur, gagnrýnendur, myndlistarmenn og ritstjóra. Í þriðja lagi kannaði ég tíðni myndlistargagnrýni og myndlistarumfjöllunar að frátöldum almennum

fréttatilkynningum í fjölmiðlum þ.e. dagblöðunum og Ríkisútvarpinu yfir ákveðið tímabil. Ástæða þess að ég kannaði hvernig umfjöllun var háttað í fjölmiðlum var sú að viðhorf þátttakenda í rannsókninni var mjög misjafnt til miðlanna, bæði á jákvæðum og einnig á neikvæðum nótum.

OF LÍTIL FJÖLMIÐLAUMFJÖLLUN

Viðmælendur og allir sem tóku þátt í könnuninni höfðu sterkar skoðanir á myndlistargagnrýni í fjölmiðlum á Íslandi. Þeim bar saman um að gagnrýni og ítarleg umfjöllun um myndlist væri allt of lítil í fjölmiðlum og að það væri afar bagalegt fyrir myndlistarlífið og almenn- ing. Um 93% þeirra er svörðuð spurninga- listanum töldu að gagnrýnin umfjöllun um myndlist væri ekki næg auk þess sem vöntun væri á faglegri umfjöllun um myndlist almennt.

SJÓNVARPIÐ FÉKK FALLEINKUNN

Niðurstöður sýndu ólíka afstöðu hvað varðar sjónvarpið annars vegar og útvarpið hins vegar. Sjónvarpið fær fall- einkunn hjá þátttakendum. Fram kom að ef einhver umfjöllun var í sjónvarpinu þá væri hún tilviljanakennd og sjaldan

voru fengnir fagmenn til þess að fjalla um myndlist af nokkurri alvöru. Helsta vandamál sjónvarpsins töldu þátttakendur vera skort á stefnu í myndlistarumfjöllun. Á hinn bóginn ríkti mjög jákvætt viðhorf til Rásar 1 sem virðist uppfylla þarfir fyrir myndlistarumfjöllun þar sem hlustendur geta nokkurn veginn gengið út frá því vísu að fjallað sé um myndlist reglulega af fagmönnum. Oftast var Víðsjá nefnd sem dæmi um þátt þar sem fagleg, ítarleg og góð umfjöllun ætti sér stað.

Þátttakendur höfðu jákvætt viðhorf til Morgunblaðsins sem fólst að miklu leyti í þeirri viðleitni blaðsins að vera eina dagblaðið sem héldi uppi gagnrýni og umfjöllun um myndlist á tímum þar sem myndlist blómstraði sem aldrei fyrr. Gegnumgangandi viðhorf var þó fyrst og fremst óánægja með hve fáir fjölmiðlar sinntu myndlistarumfjöllun af einhverri alvöru.

ÁSTÆÐUR LÍTILLAR MYNDLISTARGAGNRÝNI

Ástæður fyrir svo lítilli myndlistar- gagnrýni að mati þátttakenda eru í aðalatriðum að á Íslandi er lítill markaður fyrir myndlist, rekstrarumhverfi erfitt, eigendur fjölmiðla hafa ekki áhuga, skortur er á áhugasömu fagfólki innan

Guðlaug Matthildur Jakobsdóttir er með meistaraþróf í menningarstjórnun frá Háskólanum á Bifröst og BA í frönsku frá Háskóla Íslands. Hún hefur sérstakan áhuga á myndlist og starfaði innan myndlistargeirans í u.þ.b sex ár fyrst hjá höfundaréttarsamtökum myndlistarmanna, Myndstefi og síðar hjá Gallerí Fold til ársins 2008. Grein þessi er unnin upp úr niðurstöðum masters-verkefnis Guðlaugar frá árinu 2009 en þar rannsakaði hún viðhorf fólks innan myndlistarsviðsins til myndlistargagnrýni í fjölmiðlum á Íslandi.



fjölmiðlanna og einhæfni vegna ráðandi kreðsu á myndlistarvettvangi. Einnig er skortur á gagnrýnendum til að inna af hendi það vanþakkláta starf sem myndlistargagnrýni er, bæði vegna fámennis þar sem hér er mikil nálægð og tengsl milli fólks innan stéttarinnar og einnig vegna skorts á gagnrýnendum með nógu viðamikla þekkingu til að fjalla um hið breiða svið samtímamyndlistar.

SAMRÆÐA UM MYNDLIST

Myndlistargagnrýni á Íslandi hefur frá upphafi verið eintal. Einu fjölmiðlarnir sem skapað hafa hefð fyrir myndlistargagnrýni eru Morgunblaðið og Rás 1. Myndlistarumfjöllun og gagnrýni í öðrum fjölmiðlum hefur verið ómarkviss og skammlíf og verið háð duttlungum og áhugasviði ritstjóra og dagskrárgerðarmanna ásamt breytingum á fjölmiðlamarkaði. Myndlistargagnrýni byggir á hefð og sú hefð er innbyggð í gildi myndlistarsviðsins. Listamenn sem starfa innan sviðsins byggja hugmyndir og viðhorf sín á þeim gildum og samkvæmt þeim er gagnrýnandinn mikilvægur aðili í frama myndlistarmannsins. Gagnrýnandinn hefur til að bera þær faglegu forsendur

sem myndlistarsviðið krefst í samræðu um myndlist. Skrif gagnrýnandans eru vitnisburður um að framleiðsla listaverks hafi átt sér stað og að það hafi verið sýnt. Ekki síst er það þó vitnisburður um að vitmunaleg samræða hafi átt sér stað um listaverkið.

Niðurstæða rannsóknarinnar bendir til þess að hin vitmunalega áskorun sem er stór hluti samtímalistar sé atriðið sem vantar inn í íslenska myndlistarumfjöllun. Hin dæmamið gagnrýni er ekki endilega það sem þátttakendur rannsóknarinnar eru að leita eftir heldur samræða frá fleiri sjónarhornum. Myndlistarmenn vilja að þessi samræða fari út til almennings og veki athygli á listinni, að hún fræði og setji listina í samhengi við umhverfi sitt. En það sem er ekki síður mikilvægt er að þeir vilja að samræðan sem felst í umfjölluninni fæðist og fari á flug innan myndlistarsviðsins sjálfs á faglegum forsendum.

Þessu til stuðnings var einróma ánægja þátttakenda með umfjöllun dagskrárgerðarmanna Víðsjár á Rás 1 um myndlist. Sú umfjöllun er ekki endilega í formi gagnrýni heldur er yfirleitt spjallað við listamanninn eða sérfræðing á sviði myndlistar um myndlist eða yfirstandandi

sýningu, hugmyndafræði og samhengi hennar við samfélagið.

HLÚA ÞARF AÐ MYNDLISTARUMFJÖLLUN

Að mati franska félagsfræðingsins Pierre Bourdieu er sú iðja að njóta menningar í formi lista byggð að miklu leyti á undirstöðu í lífi manna, þ.e. menntun og bakgrunni þeirra. Einkum er talið að tvennt ráði úrslitum, annars vegar umhverfið sem einstaklingurinn er alinn upp í og hins vegar uppeldið sem hann fær.¹ Hætt er við því að samræðan um myndlistina sem innlegg í íslenska listasögu og þar með þekking á myndlist sem undirstaða komandi kynslóða, fari forgörðum í fámennu samfélagi eins og á Íslandi ef ekki verður hlúð að myndlistarumfjöllun á almennum vettvangi. Hér á landi á bókmenntahefðin sér dýpri rætur heldur en myndlistin, bæði hvað varðar umfjöllun og ekki síst innan menntakerfisins. Þar að auki hefur hvorki verið markaður né fjárhagslegt bolmagn til þess að halda úti sérhæfðu tímariti um myndlist en það væri virðingarverð viðleitni og spor í rétta átt ef slíku tímariti yrði hleypt af stokkunum.

¹ Bourdieu, P. Darbel, A. (1991). *The Love of Art: European Art Museums and Their Public*. Stanford University Press.

On 7/7/77
Fact

Plunking

2/2/2



The

Art

Enquiry

MYNDLIST

LEIÐIN TIL AÐ VARÐVEITA

Þorgerður Ólafsdóttir útskrifaðist frá myndlistardeild LHÍ vorið 2009 og hefur síðan þá látið til sín taka í myndlistarheiminum. Þorgerður er meðal annars stofnandi listahátíðarinnar Ærings, einn stofnenda Gallerí Crymo, situr sem varamaður í stjórn Nýló og nú nýverið stjórnaði hún listahátíðinni Sequences með Páli Hauki Björnssyni. Samhliða þessu hefur Þorgerður sinnt sinni eigin listsköpun. Segja má að Þorgerður sé holdgerfingur gangverks íslensku myndlistarsenunnar, þar sem listamenn skapa sitt eigið umhverfi, sýningarrými og verkefni. Hér eru fáir galleristar til að heilla og auðjöfrar til að mjólka. Þó að þetta sé rómantísk sýn af duglegum listamanni eru það staðreyndir sem þessar sem gera það að verkum að til dæmis flest listamannarekin sýningarrými lifa ekki lengur en í eitt til tvö ár.

Texti: Elísabet Brynhildardóttir

ORÐ-NOTKUN/LEYSI- OG FÆÐING LISTAVERKA

Við hefjum samtalið á notkun orða og texta við gerð listaverka og talið berst strax að þeim tíma þegar Þorgerður var að ljúka námi sínu í LHÍ og glímdi við lokaverkið.

„Við gerð lokaverksins ógurlega ráfaði hugur minn eitthvert allt annað í hálfgerðum flóttu og ég eyddi mestum tíma við skriftir. Gegnum skrifin varð niðurstaða lokaverksins fimm kort þar sem ég sameinaði textana mína og klippimyndir í því síðasta sem var samanbrotið ferðarkort. Eftir að ég útskrifaðist fór ég í ritlist og listfræði í HÍ þar sem mig langaði til að kanna fleiri möguleika með texta sem miðil í myndlist og öfugt. Þá fóru myndlistin og textasmíðin að aðgreinast og ég lagði frekari áherslu á að koma frá mér sjálfstæðum og heilsteyptum sögum og ljóðum. Eftir Sequences hefur hausinn fengið aðeins næði til að glíma við næsta verk sem ég mun sýna á samsýningunni *Eitthvað í þá áttina*, í Listasafni Reykjanesbæjar. Í því verki verður textinn aftur sýnilegur sem hluti af heildinni og eitthvað sem leiðir mann áfram,” segir Þorgerður og bætir við nokkrum hugmyndum sínum um afl og mikilvægi orðanna.

„Sem myndlistarmaður er ákveðin krafa á manni um orðanotkun og góðan orðaforða um eigin verk. Með tímanum býr maður til sitt eigið tungumál sem verður hluti af nálgun manns og skapar rauðan þráð í gegnum verkin. Áður en ég fór að sækja um meistaranám í myndlist hafði ég ekki sinnt orðaforðanum nógu vel þannig að það var mjög erfitt að finna aftur slóðina og rekja sig áfram og til baka. Það eru mikil byrjendamistök að týna eigin þræði og hugtökum í óðagotinu sem fylgir verkefnagleðinni.

Þegar ég hitti Markús Þór Andrésson sýningastjóra *Án áfangastaðar* þá var hann búinn að kynna sér verkin mín og setja þau í samhengi við

sýninguna. Orðaforði hans um mín verk var svo miklu meiri og stærrí en sá sem ég, sem ungur myndlistamaður bjó yfir. Það var því virkilega gott að heyra það sem hann hafði að segja,” segir Þorgerður en sýningin *Án áfangastaðar* var sett upp í Listasafni Reykjavíkur fyrr á þessu ári. Þar sýndi Þorgerður verkið *You've got a face with a view* sem einnig á uppruna sinn í orðum en titill verksins er tekinn úr texta lagsins *This must be the place* með hljómsveitinni Talking Heads sem Þorgerður segir að hafi skapað ákveðinn grunn fyrir verkið.

You've got a face with a view samanstendur af átta portrett ljósmyndum þar sem andlitum viðfangsefnisins hefur verið skipt út fyrir samklipp af íslensku landslagi. „Ég tók andlitin út og splæsti inn landslagi úr póstkortum sem ég klippti saman, en þetta verk er ákveðið framhald af kortaverkunum mínum. Þar fer ég inná þessa hugmynd sem við höfum um ákveðna staði og minningar okkar tengdar þessum stöðum. Hvernig við endurröðum upplifun okkar og því sem við tökum með okkur, reynslunni,” segir Þorgerður en kortaverkin sem hún nefnir eru unnin upp úr Íslandskortum (herforingjakortunum) þar sem til dæmis nýtt og annað land birtist úti í ballarhafi og tengist Skeiðarársandi um eyju. Þannig hefur landslag sem búið var að mæla mjög nákvæmlega verið límt saman í áður óþekkt samhengi.

„Á síðasta ári sankaði ég að mér yfir 500 póstkortum af Íslandi. Þessi framandleiki sem alltaf er verið að reyna að fanga í póstkortum af íslensku landslagi, er svo ótrúverðugur. Ég vildi taka þann eiginleika lengra, ýkja og undirstrika framandleikann og búa til ennþá ótrúlegra landslag og setja það í samhengi við manneskjurnar á myndinni. Tengslin þar á milli opinbera sig kannski sjálf, þú þekkir aldrei neinn fullkomlega og þá innri heim fólks,” segir hún.

Þorgerður sýndi verkið fyrst í Svíþjóð og Noregi en fannst einhvern veginn ekki við hæfi að sýna það hér heima fyrr en Markús hafði samband og bauð upp á rétta samhengið fyrir verkið.

„Það er erfitt að taka fyrir myndir af íslensku landslagi, sem búið er að ofnota og auglýsingavæða alveg í spað. Þú vilt geta bent á ákveðna staði án blætisins sem er búið að skapa í kringum þá. Gullfoss og Geysir hafa til dæmis algerlega misst töfrana þar sem búið er að fella þá inn í túristahéðina. En það má samt ekki gleyma því að Gullfoss er stórkostlegur foss og ef maður nær að vera þarna einn, ekki í miðjum túristahóp þá er það mögnuð upplifun. Þannig að þessi verk eru kannski líka ákveðin viðleitni til að varðveita töfrana og gildi hlutanna, það er svolítið endurtekið þema hjá mér. Ég hef hugsað mjög mikið um þetta og komist að því að leiðin til að varðveita ákveðna hluti er mjög sterk í gegnum myndlist,” segir Þorgerður.



Þorgerður er varamaður í stjórn Nýlistasafnsins þar sem mikið og þarft verk í þágu skrásetningar listasögu Íslendinga er unnið. Í skjalasafni Nýlistasafnsins eru til heimildir um yfir 100 listamannarekin sýningarrými sem hafa verið starfandi síðastliðin 40 ár. Þessi mikli fjöldi hefur vakið mikla athygli bæði hér heima og erlendis. Þegar rýnt var nánar í heimildirnar ráku menn augun í það að um 14 sýningarrýmanna voru stofnuð og rekin af konum og sum hver lögðu sérstaka áherslu á listir kvenna. Í samvinnu við Nýlistasafnið mun Endemi birta umfjöllun um þessi kvennarymi í komandi tölublöðum.

GALLERÍ CRYMO

Hugmyndafræði Þorgerðar um varðveislu hlutanna endurspeglast einnig í því verkefni að skrásetja sýningar sem haldnar hafa verið í Gallerí Crymo. Þorgerður stofnaði Gallerí Crymo, ásamt Solveigu Pálsdóttur, árið 2009. Nú lítur út fyrir að galleríið hljóti sömu örlög og svo mörg önnur listamannarekin rými, það er að lifa ekki lengur en í um tvö ár. Galleríið var stofnað af eldmóði og miklum drifkrafti.

„Við vorum þá að klára myndlistina í LHÍ og allt þetta krepputal var bara innspýting fyrir okkur að koma einhverju af stað. Við leituðum lengi að auðu íbúðarhúsnæði sem hægt væri að nýta sem vinnustofu og sýningar-rými og enduðum á Laugavegi 41a, í yndislega sjúskuðu og sérvískulegu húsi, sem átti einmitt að víkja fyrir glæsilegri nýbyggingu LHÍ sem aldrei varð af eins og allir vita. Í hópinn bættust fleiri sammennendur okkar og hefur sá kjarni sem þar myndaðist meira og minna haldist sá sami,“ segir Þorgerður.

Á þeim tíma sem Crymo hefur starfað hafa verið haldnar yfir 80 sýningar og yfir 100 myndlisarmenn hafa sýnt þar enda hafa sýningartímabilin verið mjög stutt. Tvö ár eru liðin frá stofnun gallerísins og fjármagn er af skornum skammti. Tilvist Crymo mun þó ekki hverfa í gleyskunnar dá. Við stofnun gallerísins gerðu stjórnendur þess það að markmiði sínu, að skrásetja vel allar sýningar sem þar fóru fram og halda vel utan um það heimildasafn sem til varð. Í framhaldi af þessari skráningu var ákveðið að gefa út bók um starfsemi gallerísins og þá listamenn sem þar hafa sýnt. Bókin kemur út í júní og verður gefin út af bókaútgáfunni Crymogeu.

ÆRINGUR

Þorgerður stofnaði listahátíðina Æring sem haldin var á Stöðvarfirði í fyrsta sinn í fyrrasumar. „Hlutverk Ærings er að er að bjóða listamönnum að sýna úti á landi og fara úr sínu umhverfi í annað samhengi,“ segir Þorgerður, en hún er sannfærð um ágæti þess að listamenn fari út fyrir sinn hversdagslega ramma og inn í opinn faðm landsbyggðarinnar. Setji listamenn sig í óþekkt umhverfi er aldrei að vita hvað gerist. Á Æringi 2010 sýndu 24 listamenn sem höfðust við í félagsheimili Stöðvarfjarðar og segir Þorgerður að þrátt fyrir stormviðvörn á opnunardeginum hafi nánast öll Fjarða-byggð mætt til að berja listina augum. Æringur virðist geta átt sér farsæla framtíð sem einslags farandhátíð. Í ljósi þess hve erfitt er að halda úti listatengdri starfsemi hjálpar það eflaust til ef skipt er um stjórnendur og staðsetningu á hverju ári. Þá geta aðstandendur Ærings leitað fjármagns í Parísarhoppi um sveitafélög landsins og þannig þarf ekkert eitt sveitafélag að skuldbinda sig við þessa hátíð.

Í sumar yerður Æringur haldinn í Bolungarvík undir stjórn Kolbrúnar Ýrar Einarsdóttur og hlaut hátíðin styrk frá Evrópu unga fólksins að þessu sinni. Þorgerður hyggst halda utan um Æring árið 2012, á svæði sem verður tilkynnt síðar, en árið 2013 verður hátíðin haldin á ónefndum stað á Reykjanesi.



„You've got a face with a view“ 2010

SEQUENCES

Gjörningar voru í aðalhlutverki á hinni nýafstöðnu listahátíð Sequences sem Þorgerður stýrði. Hún segir að það hafi verið eitt af því fyrsta sem hún og Páll Haukur Björnsson, listrænn stjórnandi hátíðarinnar, ákváðu þegar hátíðin var skipulögð. „Það hefur kannski meira borið á videóverkum og hátíðum tengdum þeim sem hafa lukkast einkar vel en gjörningurinn hefur verið settur aðeins til hliðar. Við vildum þess vegna setja fókuspunktinn á gjörninga þetta árið og einnig ólíkar, þverfaglegar nálganir á þennan miðil því að flest allar listastéttir gera tilkall til hans,“ segir Þorgerður.

Sú viðbót var við hátíðina þetta árið að Sequences teygði anga sína austur til Seyðisfjarðar þar sem fjölþjóðlegi gjörningahópurinn *Non Grata* sýndi verk sín í Skaftfelli, miðstöð myndlistar á Austurlandi. Sequences hélt einnig áfram þeirri viðleitni frá síðustu hátíð að bjóða nemendum listaháskólans að taka þátt í undirbúningi og framkvæmd hátíðarinnar. Aukin þátttaka myndlistarnema hlýtur að vera til góðs bæði fyrir nemendurna sjálfa og þá sem standa að hátíðinni.

„Þessu var ekki beint dinglað fyrir framan nefið á mér þegar ég var í skólanum, eða ég fattaði það þá alla vega ekki. Það sýnir sig að ef maður er virkur og vill taka þátt í að gera og skapa verkefni, þá óhjákvæmilega er maður orðinn þátttakandi í myndlistarsenunni. Ef maður gerir það ekki þá þarf maður að vera hrikalega góður plöggari, sem er eiginleiki sem klaufar eins og ég munu örugglega aldrei ná taki á,“ segir Þorgerður. Þetta er óneitanlega kómísk yfirlýsing í ljósi alls þess sem hún hefur afkastað síðastliðin tvö ár. „Ég hef bæði slyst inn í svona verkefni og tekið þau fúslega að mér. Þetta er einhvers konar sambland af mikilmennskubrjálæði, áræðni og heimsku að segja alltaf: „Já, ókei kýlum á þetta,“ útskýrir hún en leggur áherslu á að það sé mikilvægt að taka virkan þátt í því sem er að gerast. „Enda er úr mörgu að móða í samfélaginu hérna heima og það er alltaf vöntun á sýningarrýmum og spennandi verkefnum.“



"THE MARKET HAS BEEN
DECLINING FOR THE
LAST THREE YEARS"

SÍÐAN HITTI ÉG STRÍÐSLJ

VIÐTAL VIÐ SIGGU TÚL

HEIMDALJÓSMYNDIR

Í byrjun árs ræddi ég við Sigríði Torfadóttur Tulinius á huggulegum pöbb í Hackney í austurhluta Lundúna. Sigga Túl, eins og hún er oft kölluð, útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands vorið 2010 og stundar nú meistaranám í borgarhönnun og félagsvísindum við London School of Economics. Við ræddum um verkin hennar og það hvernig listin og fræðin sameinast í gegnum áhuga á umhverfi og borgarskipulagi.

TEXTI: LÁRA KRISTÍN KRISTINSDÓTTIR

Hvernig kom það til að þú fórst í myndlist í Listaháskólanum?

Eftir menntaskólann flutti ég til Parísar og lærði ljósmyndun. Ég fílaði París vel og tók fyrir heimildaljósmyndun og eyddi mestum tíma í það. Ég sérhæfði mig í filmuljósmyndun og var viss um að ég myndi vilja fara út í heimildaljósmyndun þangað til ég hitti stríðsljósmyndara. Eftir það var ég mjög skeptísk um að þetta væri rétta brautin fyrir mig. Þannig að ég ákvað að fara aftur til Íslands og á myndlistarbrautina í Listaháskólanum.

Hvaða fannst þér standa upp úr í náminu þar?

Seyðisfjarðaráfanginn stóð alveg upp úr. Við fórum til Seyðisfjarðar með Dieter Roth akademíunni og unnum þar í tvær vikur eins og skepnur og settum upp sýningu. Þetta rann allt svo vel saman, maður svaf þar sem maður vann og vann þar sem maður svaf. Ég lærði mikið á tveimur vikum og það var áhugavert hvernig líf manns

ÓSMYNDARA

umturnaðist í takt við myndlistina. Það varð ekki eins skipt niður og þegar maður er heima hjá sér. Við vorum öll með einstaklingsverk. Mitt hét *Samansafn* og var safn með fullt af hlutum sem ég hafði fundið á þessu tveggja vikna tímabili. Ég safnaði þeim saman og bjó til úr þeim einn strúktur. Þetta var mjög skemmtilegt ferli.

Snérir þú þér aftur að ljósmyndun þegar þú fórst í LHÍ eða tóku einhverjir aðrir miðlar við?

Já, ég ákvað að prófa bara allt því ég er svo forvitin. Eftir á að hyggja, þá kannski var þetta ekkert svo praktískt nám þar sem maður verður smá góður í svo mörgu. En ég fór út í vídeó, málverk, og skúlptúr. Nú get ég útilokað ýmislegt og veit að hæfileikar mínir liggja ekki í að mála málverk en aðallega heillaðist ég af skúlptúrnum.

Sumarið 2010 ákváðu Sigríður og Anna Hrund Másdóttir að taka höndum saman og gera tilraun til að hafa áhrif á borgarmynd Reykjavíkur, skapa vettvang fyrir fagurfræðilegar tilraunir og kanna leiðir til að rækta matjurtir inni í borg. Ut frá því varð *The Garden Project* að veruleika; matjurtagarður á húspaki í miðri borginni. Hver var innblásturinn að þessu verkefni?

Aðallega þessi staður. Við stofnuðum nemendagallerí nokkur saman, sem heitir Kaffistofa og er til húsa á Hverfisgötu 42. Þegar við stofnuðum galleríið var bara grjót og mól á lóðinni fyrir framan galleríið. Okkur langaði að gera eitthvað við þetta rými og mættum bara nokkur með skóflur og byrjuðum að moka og ákváðum að gera þennan garð saman. Þessi garður varð til í frekar lífrænu samstarfi okkar á milli. Síðan langaði okkur til að færa galleríið út og búa til skúlptúrgarð. Við vildum búa til vettvang fyrir ungt fólk til þess að sýna skúlptúra í almenningsrými. Að setja upp skúlptúr í almenningsrými fylgir venjulega mikil skrifinnnska og það er á valdi borgaryfirvalda að ákveða og stjórna. Við vildum komast hjá því. Síðan sáum við í framhaldi möguleika á að stækka aðeins við okkur og við Anna Hrund byrjuðum að rækta grænmeti og jurtir á þakinu á Kaffistofunni. Það er kannski ákveðin rómantik í þessu verki. Hugmyndin var að færa listina á ákveðinn stað þar sem fólk býst ekki við henni. Sem sagt á niðurniddum stað. En það var líka ýmislegt annað sem lá að baki.

Þetta var rosalega stórt samansafn af jurtum og það kom svolítið á óvart hvað hægt var að rækta mikið þarna. Höfðuð þið einhvern tímamann gert þetta áður? Plantað jurtum og trjám?

Nei ekkert meira en flestir aðrir. Við fórum svolítið blint út í þetta. Við fengum garðyrkjumann sem heitir Vernharður Gunnarsson sem hjálpaði okkur mjög mikið. Það er hægt að rækta nánast hvað sem er á Íslandi. Vernharður forræktaði plönturnar reyndar fyrir okkur því maður þarf svo stórt svæði til þess. Hann hjálpaði okkur ansi mikið.

Þið notuðuð allskonar hluti til að hjálpa ykkur, gróðursettuð til dæmis í dekk og ruslatunnur. Var það partur af þessari götuímynd sem þið voruð að vinna með eða var það bara eitthvað sem hentaði?

Þetta voru endurvinnslu þælingar þar sem við notuðum það sem var til og það mátti heldur ekki vera mjög dýrt. En það er fyndið að horfa á þetta núna því ég er búin að læra svo margt í náminu sem ég er að stunda núna og þá er maður að þæla meira í kenningalega hlutanum af þessu. Ég veit ekki hvort ég myndi gera sama verkefnið aftur en þetta var bara ákveðið ferli.

Hvað myndir þú gera öðruvísi núna, eftir það sem þú ert búin að læra?

Þakgarðurinn er á einhvern hátt um neyslu og það að rækta nálægt sér og vinna á móti þeim vandamálum sem kapítalisminn hefur skapað en hversu langt kemst maður á því? Spurning hvort maður vilji gera þetta kerfi aðeins skárri eða hugsa upp ný kerfi.

Er þá hægt að vera algjörlega sjálfbær?

Nei alls ekki. Það er spurning hvernig maður myndi nálgast það. Ætlar maður að vera í andstöðu við kerfið eða reyna að gera það aðeins skárri?

Hugmyndir Sigríðar um sjálfbær kerfi eru henni hugleiknar í mastersnámi sínu í LSE þar sem hún leggur stund á borgarhönnun og félagsvísindi (e. *City design and Social science*).

Í náminu erum við að gera rannsókn á Whitechapel markaðnum í austur London. Það átti að gera upp alla götumyndina eða einhvers konar „facade development“ út af Ólympíuleikunum. Þar átti maraþonið að fara í gegn en nú er búið að færa það annað. Samt sem áður höfum við verið að rýna í þetta verkefni og finna út hvað væri mögulegt að gera fyrir markaðinn.

Við erum ekki að fara að gera þetta í alvörunni heldur er þetta bara skólaverkefni. En við erum í sambandi við fólk sem sér um breytingarnar og gætum haft einhver áhrif á þau. Við erum búin að vera að vinna í þessu verkefni síðan í október svo það hefur tekið sinn tíma. Við höfum aflað okkur upplýsinga um staðinn og hvað gæti verið best fyrir þennan markað. Þetta eru svo mörg lög af allskonar félagslegum, hagfræðilegum og pólitískum tengslum.

Þetta er sjarmerandi markaður en hann er í svolitilli niðurníðslu. En þetta er auðvitað alltaf flókið því þetta er auðvitað mjög pólitísk aðgerð. Við verðum að hafa í huga hvort breytingarnar séu í hag götuslalanna eða annarra kaupsýslumanna. Þessi aðgerð mun mjög líklega koma af stað „gentrification prósess“ sem þýðir að núverandi götusalar myndu þurfa að flytja sig í önnur verri hverfi og yngra og betur efnað fólk kæmi í staðinn. Þegar markaðurinn verður endurgerður þá hækkar auðvitað verðið á öllu og annar markaðshópur myndast og hinn eldri hverfur. Við sem vinnum að þessu verkefni, þurfum því að spyrja okkur hvernig við eigum að taka þátt í þessu. Á að endurgera markaðinn eða vinna einhvern veginn gegn því með nýjum reglugerðum?

Er þetta eitthvað sem er óumflýjanlegt? Og ef þið gerið þetta ekki myndu þá einhverjir aðrir gera það í staðinn?

Jú örugglega. En það er spurning hvar maður vill staðsetja sjálfan sig í þessu öllu saman.


Það er auðvitað spurningin hver mun græða mest á breytingunum. Fólk þarna býr við slæmar aðstæður og í slæmu húsnæði og maður vill að það fái tækifæri til þess að nýta sér enduruppbygginguna. En það gerist alltaf við svona uppbyggingu að húsnæðisverðið hækkar og þá hefur fólk ekki lengur efni á því. Þá er erfitt að tryggja að fólk sem þar býr þurfi ekki að flytjast burt.

Ætlarðu að vera áfram hér í London eftir útskrift?


Já ég er búin að kynnast mjög mörgum og mig langar að komast að í verknám (internship). Mig langar að fara meira út í vídeó og heimildarmyndagerð og vinna með fólk sem er að gera kvikmyndir og þá sérstaklega um borgir. Ég á eftir að sjá hvernig það gengur upp þar sem það er auðvitað kreppa og mikið atvinnuleysi. Þetta er náttúrulega ekki besti tíminn. En mig langar að sjá hvað er þarna úti og vinna með listamönnum, arkitektum og öðru fólk. Það er til dæmis ein arkitektastofa hér í London sem gerir verkefni sem eru mjög í anda *Garden project*, sem sagt að setja upp sýningar og innsetningar og ég hef áhuga á að starfa með þeim. En eins og ég segi þá er rosalega erfitt að komast í verknám í dag.

Hvert liggur leiðin núna?

Núna þegar maður er búin að gera verkefni eins og *Garden project* þá finnst mér tímabært að fara að hugsa á mun stærri skala en ég gerði í Listaháskólanum. Og mér finnst mikilvægt að fá þennan fræðilega bakgrunn til að geta haldið áfram. Svo veit ég ekki hvorum megin ég á eftir að enda, á ég eftir að halda áfram að vinna með listinni eða á ég eftir að gera eitthvað allt annað? Ég er á krossgötum núna og veit ekki hvert leiðin liggur.



it is a fact that we wake up in the morning in a different place in space than we were when we went to sleep the night before. Our planet has rotated



on its axis and continued revolving around the Sun while we slept. This reality is basic though it is not a part of our everyday awareness.







"Nevertheless it's our duty to persuade people that globalisation is an immense global ...opportunity "

Angela Merkel 2009

„...all this could happen to anyone of you... things that people do in their private home, concern only them self.

This principle concerns everybody and must be valid for me too! "

Silvio Berlusconi prime minister of Italy

„There are known known's, which are the things we know, and known unknowns- the things we know we don't know- and then there are unknown unknowns..."

Donald Rumsfeld Prime Minister secretary of defence of USA.

„ allow me to be clear..."

Barak Obama, Cairo 2009

„I know I'm not so high...but I don't see giants around me..." „ All the friends who did sports now are dead"

Giulio Andreotti, pre-vice Prime Minister of Italy

Cultural schizophrenia and misinterpretation are the act of politics of daily life.





ÓLÓGÍA III

Til hliðar:

KÓÐUN

Viðfangsefni: Þórdís Jóhannesdóttir

Fjöldi lita: 13

Fjöldi eininga: 20

Fyrir neðan:

LISTAMANNTAL


Viðfangsefni: Þórdís Jóhannesdóttir



Fjöldi barna (2). Blá lína.

Menntun. Stúdentspróf (1). Háskólagráða (2). Græn lína.

Einkasýningar (1). Fjólublá lína.

Útgefnar bækur (0). Rauð lína.





ÓLÓGÍA III

Til hliðar:

KÓÐUN

Viðfangsefni: Ingunn Fjóla Ingbórsdóttir

Fjöldi líta: 14

Fjöldi eininga: 24

Fyrir neðan:

LISTAMANNTAL


Viðfangsefni: Ingunn Fjóla Ingbórsdóttir

Fjöldi barna (1). Blá lína.

Menntun. Stúdentspróf (1). Háskólagráða (2). Græn lína.

Einkasýningar (3). Fjólublá lína.

Útgefnar bækur (0). Rauð lína.

















LIVING
IN NEW YORK CITY
IS EASY





Kristín Rúnarsdóttir

FÆDD 1984

ÚTSKRIFUÐ ÚR LHÍ 2009

Formúlan mín = fagurfræði + hagnýti + leikur

Ég sé leikvöllinn fyrir mér sem verkfæri

ÞESSI STAÐUR:
HEFD → MÁLVERKID

Ferandi - kallar á sig og
í myndinni, loft/þrótt -
þetta er hvernig þetta er

undirbúnaður
hvern þungur er
fyrir gólf/flokk?

miðstær plötur
- málning
- tölur
ANDREMINN

7-12 cm
þetta er þetta
þetta er þetta
þetta er þetta

MEDLIMUR Í GALLERÍ CRYMO

KRISTÍN ÞÓNARSÐÓTTIR ER UNG OG EFNILEG MYNDLISTAKONA, NÝLEGA ÚTSKRIFUÐ ÚR LHÍ OG STEFNIR Á MASTERSNÍAM Í HAUST. HUN HEFUR VERIÐ Í ÞÍN VIÐ SÝNINGAHALD ÞÓÐI HERLENDIS OG ERLENDIS, FRAMUNDAN ER M.A. SAMSÝNING Í LISTASAFNI REYKJANES BLÓÐAR

KRISTÍN ER MEDLIMUR Í GALLERÍ **crymo** OG KEMUR HUN FAR AÐ UPPSETNINGU OG UTGÁFU BÓKAR UM STARFSEMI OG LISTAMENN GALLERÍSINS.

Ég nota teikningu til þess að skrásetja og kortleggja umhverfi mitt og hugarheim. Ég hef verið að fást við samband fagurfræði og hagnýti og unnið teikningar sem vísa til hvers konar útskýringateikninga fyrir rými og kerfi. Leikir eru ein af forsendum sköpunar og gagnrýnnar hugsunar og gegna þeir mikilvægu hlutverki í vinnuferli mínu.

Undanfarið hef ég verið að vinna og þar á meðal litla velli fyrir leiki með og á reiti fyrir París.

Þessir leikvöllir fela í sér skírskotañir í umhverfi sitt

**Ug sam
fé lag id**

Ég sé leikvöllinn fyrir mér sem verkfæri til að varpa ljósi á ýmis málefni sem snerta umhverfi okkar. Fléttast þar inn í líkindi milli leikregla sem gilda um íþróttir og leiki og þeirra regla sem gilda í samfélaginu og hafa áhrif á hegðun okkar og athafnir.

LEIKIR ERU EIN AF FORSENDUM SKÖPUNAR OG GAGNRÝNNAR HUGSUNAR OG GEGNA ÞEIR MIKILVÆGU HLUTVERKI Í VINNUFERLI MÍNU.

Ég lék yfirleitt í stöðu leikstjórnanda

Þegar ég var yngri æfði ég bæði körfubolta og fótbolta og hafa í mörgum verka minna verið skírskotañir í það táknkerfi sem fylgir þessum íþróttum. Ég spilaði lengst af í stöðu leikstjórnanda í körfubolta og velti því mikið fyrir mér leikkerfum og leikskipulagi íþróttarinnar. Ég hef rifjað upp þessi kerfi og rannsakað nánar í tengslum við mína listsköpun.

Niðurstaðan hverju sinni getur verið allt frá því að vera

lágvæð inngrip

með teipi eða kít á gólf-

og veggfleti yfir í smíðaða strúktúra.











Marcela: I was standing right at an entrance of a door in an unfamiliar place and I was looking up to the sky. I was thinking about something I always remember from my childhood, that those days I could see the stars much clearer than today. I knew the stars get faint by the lights from the city but then I was surprised, because there where lot of shiny stars. Jan was there with me and he asked me to look more closely to the stars.. in detail.. what was there to see. And I saw a constellation. Normally I don't know or think so much about constellations, but this time it was different because the stars in the constellation where much brighter than the others. They where building a form, a deer. I continued looking and then the stars began to fall. I then understood that they where not at all stars but globes or balloons. I thought it was beautiful and then I saw there where bottles hanging from each balloon. And I knew they would have messages from different parts of the earth. I was very happy, it was wonderful to have messages from people from all over the world, but then I remembered the catastrophe happening in Japan, and I got very sad, because these messages could be sad too, catastrophes all over the world.
M: This is sort of a general dream. The first part is personal....I was happy reliving all the stars, memory from my childhood, but then all this suffering. Afterwards when I think about this dream it becomes little bit kitschy like ...all this sense about other places or messages from the world and everything is going so bad What I really found interesting afterwards was all the possibilities, total absurdities or tiny little deviations from normal life

Marcela: I was in a place...a big one and I was looking at people... strangers, climbing a kitchen unit so they could pass to another room behind somewhere. I just calmly waited my turn, without any enthusiasm really or neither was I forced to do it, I just waited my turn. When it was my turn I began to climb, and it was damn difficult, so I started to get worried. But then all of sudden I remembered I was in my dream, and I knew in dreams I could sometimes fly, so I began to fly and then the climbing problem was solved just like that.

G: what was people doing in there? Eating...what kind of place was this?

M: We weren't eating.

It was a big place ...it wasn't a home. The infrastructure was more like some kind of industrial place, normal...not very clean...not home of someone I only saw this kitchen but had a notion of a bigger space somehow, the industrial space...I had a feeling that there were other people doing things somewhere close by. There where more people in this big place but I didn't know what they where really doing

M: It was a open kitchen...not like a kitchen room

I was there looking at people climbing... and I thought now it's my turn, I have to do it too

This was like a mountain or mountain climbing....it was high...you really had to climb it was not easy, things where piled up in a steep slope.

M: The colour was blue.....Marin blue...light blue (like my pen) and also like silver or metal

G: what did you think about the colour?

M: It was not a very special kitchen. It was easy to see it correspond to this place

It was like normal...not new not so old neither, not very clean but still ok

G: How did you feel about this climbing?

M: I knew I had to do itno choiceit was not like going to the amusement park or anything

I was looking at how other people did it to understand how to do it myself...it looked difficult.

But then I had a moment when I thought, I'm in a dream..I can fly and don't have to climb

I and flew

G: Cheater....!

M: I was flying like I was walking not like swimmingI was flying vertical position

G: Did you move your feet

M: ...yes I was flying walking ,. sliding my feet's kind of

The satisfaction was about that I could flyG: So you were flying?

M: Behind me was the kitchen. I was very glad and happy...and I didn't really think about the kitchen any more.

G: This is a very feministic dream..hahaha....

M:I forgot everything.... I just liked to fly

Florian: I was at my parents' place, walking around. It didn't look that much bigger than normally, like buildings often do in dreams, though my parents' house is already very big. We were taking plants to the garden from the basement were they are stored over the winter. We were there, me and one of my parents, don't know really which one it was. My parents live still in this house, long after they've split up, but the house is deviated between them.

I was dragging the Christmas tree through the whole house from the back porch to put it by the side of the street. As I was doing so, the Christmas tree was falling apart. It had been lying on the porch the whole winter and was probably pretty wet too, which is when I noticed that the living room was flooded with water. I thought it had must have flooded from the water caught in the Christmas tree, I saw parts of it everywhere, pine needles, branches... So then I guess I started to argue, blaming my parents:

"Why the fuck do we always have to do everything at once?" I was getting defensive about water and mess everywhere. My parents weren't angry – not saying anything really, they might not have even been around...

And then I woke up.

Did you clean up the mess...there?

No, I didn't!







Ornamental pine



My tropical christmastree


Weeping pine





Maður tekur náttúrulega ekki bara svona stóran stein og sagar og borar og heggur í hann án leyfis íbúa

Selma Hreggviðsdóttir skrifar



Við hoppuðum upp í bíl með **Ólöfu Nordal** og stefnan var tekin á Keflavík til að skoða sýningu hennar Félúfur og lása-grös. Það var mikið hlegið og spjallað á leiðinni enda er Ólöf einstaklega hress og viðfeldin kona. Ég hafði ekki hugmynd um að það væri hægt að villast á þessari leið en svona er þetta þegar maður lendir á góðu myndlistarspjalli, þá getur maður glatað stund og stað í bókstaflegri merkingu. Gallerí Suðsuð-vestur var lokað þennan dag en Ólöf með lykjavöldin og við því einar í kotinu.

Sýningin var tvískipt. Í fremra rýminu voru stækkaðar ljósmyndir af þúfum teknar í Vestmannaeyjum. Ekki venjulegum túnþúfum heldur skringilega löguðum og furðulega staðsettum þúfum. Birtan er samskonar í öllum myndunum, mjög íslensk, grá og köld. Myndirnar eru átta talsins, frekar stórar og raðað í sjónlínu með jöfnu millibili á veggina, eins og arkitektúrinn leyfir

Selma: Hvaðan kemur orðið féfúfa í titli sýningarinnar? Ég hef alltaf haldið að þúfur eins og þessar séu kallaðar fuglapúfur.

Ólöf: Já það er rétt, þetta eru fuglapúfur og fyrir þá sem ekki vita þá myndast fuglapúfur á efstu toppum í landslagi, þar sem fuglar setjast niður til að horfa vítt yfir. Þegar þeir svo fljúga upp þá er átakið svo mikið að þeir drita smá driti. Eftir að búðið er að skíta á sama punktinn frá ómunatíð þá byggist upp jarðvegur úr fugladriti og myndar þúfu. Það má því segja að þetta séu þolinmóðir skúlpúrar sem byggjast upp á tíma eilífðarinnar, gerðir úr næringarríku gæðæfni.

Félúfan er aftur á móti fengin að láni úr þjóðsögu um marbendil. Sagan segir frá sjávarbónda frá Vogum á Suðurnesjum sem rær til fiskjar og fær marbendil á öngulinn. Bóndi vill ekki sleppa feng sínum og flytur marbendil nauðugan með sér í land. Þegar í land er komið kemur hundur bónda hlaupandi á móti honum og flaðrar upp um hann. Bóndi bregst illa við og slær hundinn. Þá hlær marbendill hið fyrsta sinn. Síðan heldur bóndi áfram upp túnið, rasar um þúfu eina og blótar henni. Þá hlær marbendill í annað sinn. Bóndi heldur svo heim að bænum. Kemur þá kona hans út úr húsinu og fagnar honum blíðlega og tekur bóndi vel blíðskap hennar. Þá hlær marbendill hið þriðja sinn.

Bóndi spyr þá marbendil hví hann hafi hlegið og vill marbendill engu svara nema með þeim skilmálum að bóndi sleppi honum aftur á sömu mið og hann tók hann. Bóndi rær með hann út aftur og þar sem marbendill húkir á árinna segir hann: „Þá hló ég fyrst er þú slóst hundinn þinn sem fagnaði þér af einlægni. Hið annað sinn hló ég er þú rasaðir um þúfuna og bölvaðir henni því þúfa sú er féfúfa full af gullpeningum. Og enn hló ég hið þriðja sinn er þú tókst blíðlega fagurgala konu þinnar því hún er

þér fláráð og ótrú.“


Auðvitað er þetta ekki bara skemmtisaga heldur líka dæmisaga sem auðvelt er að heimfæra upp á samtímann og það sem er að gerast núna á Suðurnesjum. Í hlutverk bóndans getur maður til dæmis sett stjórnvaldið, hundurinn gæti verið hinn meðvirki trúgjarni borgari, fláráða konan erlendi fjárfestinn með gylliboðin og féfúfan landið, hin eiginlega gullnáma.


Við höldum áfram að skoða sýninguna. Innra rýmið er ívið minna og má þar berja augum fjöldann allan af þurrkuðum og pressuðum fjögurra blaða smárum í hvítum römmum. Myndirnar eru tuttugu og sjö og líkt og í fremra rýminu hengdar upp í beinni röð nær allan hringinn. Sólin skín inn um gluggann og birtan er allt að því guðdómleg. Óneitanlega leiða fjögurra blaða smáramir hugann að hjátrú. En skyldi Ólöf vera hjátrúarfull?

Ólöf: Nja, þetta er nú svolítið viðkvæmt mál. Ég mundi ekki segja að ég væri neitt rosalega hjátrúarfull. Hjátrúin stjórnar ekki lífi mínu. En það eru alls konar hlutir sem ég sé og skynja af því ég er opin fyrir því og mér finnst mikilvægt að halda í það. Það gerir lífið bara svo miklu skemmtilegra.

Ég get alveg játað að þegar ég fæ heilt bjarg í hendurnar, til dæmis þegar ég er að gera höggmyndir í stein, verð ég að undirbúa steininn undir það sem koma skal. Kannski er eitthvað sem býr í steininum þó ég viti ekki hvað það er. Þegar ég gerði Bollastein átti ég til að mynda orð við steininn og spurði hvort ég fengi leyfi til að gera þetta stóra gat í hann. Maður tekur náttúrulega ekki bara svona stóran stein og sagar og borar og heggur í hann án leyfis íbúa.

Ég vildi nefnilega ekki lenda í því sama og þegar ég setti Geirfuglinn upp úti á skeri í Skerjafirðinum á sínum tíma, þá mættum við með rafstöð og borvélar og byrjuðum að hamast á klettinum. Þegar við höfðum brotið bora, brennt úr tveimur borvélum og farið var að sækja þá þriðju, þá átti ég orð við íbúa skersins sem voru greinilega ekki sáttir og öldungis óviðbúnir árásinni. Ég fékk auðvitað ekkert beint svar, en eftir þetta gekk allt eins og í sögu og Geirfuglinn er enn uppistandandi.





Selma: *Efeinhver kaupir þessa fjögurra blaða smára fær sá þá óskina?*

Ólöf: Ég er ekki búin að óska í þessa smára þannig það er ónotuð ósk í þeim. En ég gef þá nú flesta.

Selma: *Tengist það titlunum á myndunum, hér stendur til dæmis: „Til pabba“ fyrir neðan smárann?*

Ólöf: Já, ég ætla að gefa pabba þennan, svo gaf ég syni mínum þennan sem er frammi og vinum og bara fólki sem kemur upp í hugann þegar ég finn smárann. Það getur verið undarlegasta fólk.

Selma: *Manstu hvenær þú fannst þinn fyrsta fjögurra blaða smára?*

Ólöf: Já, það var þegar ég var sex ára og ég man það augnablik mjög vel. Ég var bara að leika mér þegar ég rak augun í hann. Þá hélt ég að fyrirbærið væri aðeins til í heimi ævintýrana. Ég fór með hann heim til húsmóðurinnar á bænum og okkur fannst þetta náttúrulega frábært. Síðan þá er þetta einhvern veginn í mér. Kannski er þetta bara þjálfun í að horfa. Það er þó ekki þannig að ég sé alltaf að leita að fjögurra blaða smárum, þetta er ekki þráhyggja, ég get alveg gengið um án þess að stara í grasið.

Selma: *Það skín í gegnum verk þín að þú heillast af frávikum, stökkbreytingum eða einhverju sem er öðruvísi en almennt telst. Eins og fjögurra blaða smárum, vanskapnaði, forystufé og albínóum. Geturðu sagt okkur nánar frá því?*

Ólöf: Já ég hef alltaf haft áhuga á því sem er óflokkanlegt, fellur utan flokka. Það sem nær ekki inn í flokkunarkerfið býr yfir einhverju sem er óskilgreinanlegt og getur því orðið efni í goðsögu. Goðsögnin er alltaf hafin yfir það sem er venjulegt.

Selma. *Eins og með albínóann?*

Ólöf: Ég get sagt ykkur eina sæta sögu um mismunun og réttþugsun. Það var þegar ég var að vinna að sýningunni *Hvítir hrafnar* þá hringdi ég í Náttúrufræðistofnun Íslands og spurði: „Eru til hvítir hrafnar?“ Það varð uppi fótur og fit hinum megin á línunni, þau voru svo spennt og héldu að ég hefði fundið hvítan hrafn. „Sástu? Sástu

hvítan hrafn?“ bergmálaði í símanum. Ég sagði: „Nei, en eigið þið hvítan hrafn?“ Það kom í ljós að það var til einn hvítur hrafn hjá Náttúrufræðistofnun. Ég spurði hvort ég mætti koma og sjá hann og já, það var alveg sjálfsagt. Þá voru munageymslurnar uppi á Hlemmi. Ég hitti þarna fuglafræðing sem gekk með mér í gegnum geymslurýmið, framhjá stórum skápum með óteljandi skúffum. Svo dregur hann loks út eina skúffuna fyrir mig og í henni var samansafn af albínóum af alls kyns fuglategundum og ég gersamlega missti málið. Þarna var búið að safna saman í eina skúffu öllum hvítungjum safnsins. Svo var ég mörg ár að hugsa um þessa skúffu og nærri tíu árum síðar þegar ég vissi hvernig ég vildi nota efnið fékk ég leyfi til að ljósmynda þá. Ég fór upp á Náttúrufræðistofnun og bað um albínóaskúffuna. Þá sagði fuglafræðingurinn að hann væri hræddur um að það væri ekki alveg svona einfalt. Geymslan hafði verið flutt og í leiðinni var endurraðað og ákveðið að nú skyldi hver albínófugl vera með sinni tegund. Semsagt vanskaplingunum var ekki lengur safnað saman í eina skúffu heldur hvíldu þeir nú hver með sinni fjölskyldu. Pólitísk réttþugsun var komin í skúffurnar hjá Náttúrufræðistofnun.

Selma: *Þetta höfðar til siðferðislegrar réttlætiskennar og það er á vissan hátt falllegt að við skulum taka þetta úr samfélagi manna og færa það yfir á dauða fugla. Frávikin fá þarna uppreisn æru.*

Ólöf: Já það má segja það. Ég hef farið nokkuð mikið upp á Náttúrufræðistofnun þegar ég hef verið að vinna að verkum mínum. Fyrir ekki svo löngu fór ég til að ljósmynda geirfuglinn. Daginn áður hafði sprungið rör í geymslunum og það hafði flætt vatn um öll gólf. Ég hringdi á undan og spurði hvort ég mætti samt koma eins og talað hafði verið um og það var alveg velkomið. Það var allt á hvolfi, búið að færa til kassa og rúttu til vegna lekans. Þegar ég kem þarna inn var gufa um allt og þarna stóð hann, geirfuglinn, í miðju gufubaðinu með blauta sýnskassana alla í kringum sig. Fýlan var ólýsanleg, og ég spurði þá hvað væri eiginlega í gangi. Hamskerinn sem var þarna að vinna leiddi mig þá inn í herbergið við hliðina á. Hvað heldurðu að hann hafi verið að gera? Hann var að sjóða niður ísbjörn innan um alla safneignina. Þá hafði komið ísbjörn að landi tveimur eða þremur mánuðum áður og þeir voru að sjóða kjötið af beinunum á honum. Svona var bara aðstaðan.

Selma: *Þetta hljómar eins og frekar surrealísk upplifun. En aftur að sýningunni, hvaðan kemur orðið lásagrös yfir smára?*

Ólöf: Það er kannski rétt að ég nefni að Sparisjóður Keflvíkur fór á hausinn á sjálfan opnunardaginn. Það er ekki alveg tilviljuna að það eru fjögurra laufa smárar hérna inni.

Selma: *Var þetta fyrirboði?*

Ólöf: Nei, það stóð til að dæla 20 milljörðum í Sparisjóðinn áður en þessi sýning fór upp. Þannig að það gaf mér ágætt tilefni til að sýna þessa fjögurra blaða smára sem ég átti frá síðasta sumri.

Í þjóðsögum Jóns Árnasonar segir svo um fjögurra blaða smára: „Smári er líklega ekki til með fleiri en þremur blöðum og því er það einkennisnafn hans á latínu að hann heitir trifolium. Nú ef maður finnur fjögurra blaða smára getur maður lokið upp hverri læsingu með honum með því að bera hann að skráargatinu, eða láta hann inn í það og blása í, þá opnast hver læsing og loka fyrir manni. (NB. fjögur blaða smári mun ekki vera til, og því er hann svo kröftugur.)“


Selma: *Þannig að í raun og veru var merki Sparisjóðanna aðgangur að fjárhirslunum.*

Ólöf: Já.

Selma: *En geturðu sagt mér aðeins frá tilurð þessarar sýningar?*

Ólöf: Þegar ég var að undirbúa þessa sýningu þá ætlaði ég að búa til hrollvekjusýningu. Ég hef verið í smá stríði við Reykjanesbæ út af hinum geirfuglinum. Nei, ég segi svona. Ég var allavega með mjög beitta sýningu í huga sem byggði á allskonar skrímslum og vanskapnaði sem finna má í gömlum sögnum og annálum frá Suðurnesjum. En svo þegar ég ætlaði að fara að vinna þetta núna í janúar þá bara gat ég það ekki. Ég var bara orðin svo mettud af leiðindum, bæði innan myndlistarheimsins og í þjóðfélaginu, að ég bara kom mér ekki í það. Þess vegna ákvað ég að snúa við blaðinu og gefa Keflvíkungum svona ljúfa sýningu. Sýningin er í raun óvenju mild miðað við mín verk.

Selma: *Já hún virkar mjög hjartagóð einhvern veginn.*



Ólöf: Það er eins og þegar þjóðfélagið verður svona aggressíft, þá sé svo erfitt að fjalla um óhugnað og óþægindi.

Selma: *Þetta gerist líka í kvikmyndaheiminum. Þegar það er mikill ófriður í heiminum þá blossar upp rosalegur metnaður fyrir því að framleiða ævintýramyndir og sögur sem gerast í draumaheimum. Þetta er eins og viss flótti í skjól burt frá raunveruleikanum.*

Ólöf: Já og það er þjóðtrúin líka, hún er náttúrulega full af flóttu frá ömurleika hversdagsins inn í einhverja draumsýn.

Selma: *Hvernig kviknaði áhugi þinn á myndlist?*

Ólöf: Ég var í fyrsta lagi alltaf með eitthvað í höndunum, var alltaf að búa eitthvað til og teiknaði mikið. Ég hafði líka mikinn áhuga á myndlist frá því ég var barn og sótti sýningar með foreldrum mínum.

Svo fer ég út í þennan textíl sem í raun og veru fullnægði mér ekki, það verður bara að segjast eins og er. Ég þoldi ekki að vera flækt í vef efnisins. Kannski var það líka myndlistin á þeim tíma. Ég var rosalega heppin að vera enn í mótun þegar póstmódernisminn kemur upp og hleypir allri þessari nýju hugsun og umburðarlyndi inn í myndlistina.

Selma: *Hvenær fannstu þráðinn í þinni myndlist?*

Ólöf: Það gerðist þegar ég var í námi úti og þurfti að finna einhvern sameiginlegan umræðugrunn sem var mér jafn eiginlegur og því fólki sem ég hafði samskipti við, sem voru flestir Bandaríkjamenn. Þá leitaði ég í tungumálið. Ég fór það djúpt í íslenskuna að hún mætti enskunni og fann þar sameiginlegan grunn sem mér fannst ég geta byggt á. Grunn sem hafði þá dýpt og rætur sem ég gerði kröfu um.

Sem dæmi þá gerði ég teikningar, frekar minimal, af formum í landslaginu sem báru nöfn eins og öxl eða nef eða enni. Kafaði í þetta fyrirbæri að yfirfæra orð yfir líkamshluta á landslagið til að auðkenna það. Þarna notaði ég tungumálið til að grunna verkin.

Selma: *Var þetta gert út frá heimþrá, eða þeirri staðreynd að þú varst gestur í öðru landi?*

Ólöf: Ég var nú aldrei með heimþrá en ég var óneitanlega alltaf gestur. Allir voru rosalega velviljaðir og fannst áhugavert að ég væri frá Íslandi, en það náði ekkert mjög langt. Sem dæmi þá áttum við nemendurnir einu sinni að kynna okkur og okkar verk fyrir nýnemum. Ég kom með landakort og sagði: „Getið þið bent mér á hvar Ísland er á kortinu?“ Það var mjög vandræðalegt því það gat það enginn. Bestu vinir mínir og bekkjarsystkini vissu ekki hvar Íslandið mitt var á korti, hvað þá meir. Maður missir svo mikið þegar maður missir menninguna sem hefur fósrað

mann og mótað. Það sama á við um nýbúa sem koma hingað frá hinum ýmsu löndum sem verður að viðurkennast að við höfum mismikinn áhuga á.

Selma: *Var lögð mikil áheyrsla á klassísku hefðina í Yale, þegar þú varst í námi þar? Eins og til dæmis höggmyndalistina sem þú notar mikið í verkum þínum, kemur sú tækniþekking þaðan?*

Ólöf: Nei, ég lærði ekkert slíkt þar. Ég er með mjög sérkennilegan bakgrunn. Þegar ég fór í Myndlista- og handiðaskólann þá hafði ég mikinn áhuga á handverki og einnig þessum rótum sem ég talaði um hér á undan og fylgt hafa mér allar götur síðan. Ég valdi textíleidd enda eru textíll og útskurður einu fögin í íslenskri sjónlistasögu sem ná aftur í aldir. Ég lærði að spinna og vefa og bý rosalega vel að því í dag. Það er mikilvægt að kunna að vinna með höndunum. En í meistaranáminu í Yale var engin verkleg kennsla. Ég hef lært tæknina sjálf.

Selma: *Þegar maður horfir á verk þín þá eru oft margir hlutir í gangi í einu, svolítið eins og marglaga myndmál.*

Ólöf: Já, ég er líka lengi að vinna. Ég vinn svona eins og fuglaþúfa. Drita smá á hverjum degi. Sem dæmi þá kom hugmyndin að Geirfuglinum 1993 og hann fer upp 1999. Núna er ég að vinna að verkefni sem ég byrjaði á árið 2005 og mun sennilega klárast 2013, ef Guð lofar.

Selma: *Hvernig finnst þér að vera listamaður í þessari litlu senu okkar hérna á Íslandi?*

Ólöf: Þessi listheimur hérna heima er rosalega erfiður því hann er svo smár og getur þar af leiðandi bara haldið uppi takmörkuðum fjölda listamanna. Hér er enginn markaður og það vantar gallerísenuna og einhvernvegin þessa milliliði. Það vantar til dæmis alla verðmyndun. Maður veit ekkert hvað verkin manns eiga að kosta.

Selma: *Heldur þú að þessar nýju námsgreinar sem hafa rutt sér til rúms hérna undanfarið eigi eftir að skila sér og bæta ástandið eins og hagnýt menningarfræði, menningarstjórnun og fleira?*

Ólöf: Já, ég held það. Maður fann t.d. að um leið og Listfræðideildin var sett upp við HÍ/LHÍ jókst umfjöllun og umræða. Þarna var kominn vísir að akademíu sem var að velta fyrir sér hlutunum. Áður var oft eins og maður sendi bara verkin sín út í eitthvað tóm. Ég held að þetta menntaða fólk eigi eftir að skila sínu og það á eftir að leiða af sér uppbyggingu á einhverslags innri strúktúr sem hefur vantað. En það hefur samt engin áhrif á þá myndlist sem er búin til. Sköpunin lýtur öðrum lögmálum.

Eftir að hún
fræddist

um ENDURREISN og



miðaldir finnst henni samtímalist

það ASNALEGASTA sem hún veit um!

en ég meina hún hefur ekkert farið á margar sýningar
skilurðu?









Koddu sagði ég eða bara koddu og nokkrar handabendingar til, fingur effir fingur fellur, smá hnykk frá öxl, jafnvel staðsett allsnakin í skurði að kalla á karlmanninn sem hleypur af stað. Kom þú hingað er sett í viðkunnanlegt hversdagslega séríslenskt hjal og skeytt í vídeó sem kallar fram það sem okkur þykir aðlaðandi, aðkallandi dag frá degi í íslenskum veruleika. Fegurð íslensku nöktu konunnar í fegurð íslensku náttúrunnar brýtur niður hið karllæga, rökræna í okkur öllum og við látum effir og við komum. Útlendingarnir hljóta að skilja, þetta eru aðstæðurnar sem við búum við og aðstæðurnar sem við fylgjum. Koddu bara, ég ætlast ekki til neins frekar af þér, koddu... koddu. Einskis er frekar spurt, fylgt er effir því sem er fyrir fram gefið, meðtekið.

Sýningin Koddu er viðbragð við þeirri framsetningu á íslensku samfélagi sem blasti ekki einungis við okkur í átaksverkefnunum heldur í hinum daglega birtingarheimi hins svokallaða 2007. Í Koddu sýningunni er kallað effir myndlistarmönnum til að sýna viðbragð við því sem er að eiga sér stað svo við getum hafist handa við að melta. Óskað er effir því að listamaðurinn staðsetji sig fyrir utan kreðsuna. Slík afstaða kallar ekki á „consensus“, slík afstaða kallar fram aðkomumanninn, jafnvel vitfirringinn. Ágreiningur átti sér stað í ferli sýningarinnar milli safnstjóra Listasafns Árnesinga og sýningarstjóra sem varð til þess að sýningin varð ekki að veruleika í þeirri mynd sem ætlað var. Svo virðist sem farið hafi verið yfir línu, einmitt þá línu sem óskað var effir að farið yrði yfir. Viðbrögðin voru líka þau sem „óskað“ var effir; viðbrögð án doða.

Því er sett upp sýning í annarri mynd með sama útgangspunkt í Nýlistasafninu og Hugmyndahúsinu dagana 16. apríl – 15. maí. Myndefni sýningarskrárinnar gefur til kynna hvar var farið yfir línuna hjá Listasafni Árnesinga. Þá er vert að spyrja hvaða línu er hér um að ræða. Hvar liggja mörkin og þá sérstaklega í þeirri umræðu sem hefur myndast um mörk sem koma að málfrelsi og þá ritskoðun. Unnið er með ímyndir sem voru viðteknar og eðlislægar fyrir nokkru innan íslensks samfélags, innan fjölmiðla, þóttu jafnvel hlægilegar ef ekki viðkunnanlegar. Hið eðlislæga þykir nú hið úrkynjaða, tabú, klisja, faux pas. Að snerta á því er viðkvæmt vegna yfirstandandi yfirhylmingar á skömm og hinsvegar viðkvæmt vegna þess að ekki virðist enn vera búið að úrkynja þessa þætti hjá einstaka einstaklingum sem hafa enn taugar til hins „íslenska eðlis“ og þeirra þátta sem það kallar fram/effir.

Í sýningarskrá Koddu sýningarinnar er það hausinn á Dorrit sem búið er að setja í stað hins karllæga rökræna sem hleypur án umhugsunar út í skurð við það að eitt að heyra orðið koddu. Kær vinkona Dorritar, sjálf Habsburgar barónessan er einn helsti styrktaraðili Koddu sýningarinnar. Barónessan hefur verið dyggur stuðningsmaður íslensks listalífs og þá einkum á friðustu tímum Íslands. Aðkoma barónessunnar að sýningunni kallar fram tíma og þar með viðleitni sem er reynt að hylma yfir en virðist þó ávallt leita aftur upp á yfirborðið af sjálfsdáðum. Svo virðist sem við séum endalaust föst innan sömu hringrásarinnar. Dorrit hleypur út í skurð, barónessan mætir aftur til leiks til styrktar listalífi Íslands, hún veitir ómældan stuðning og áhuga á tilhugalífi íslenskra lista. Hvar komum við að umgjörðinni sem umlykur okkur, hvort sem er valdhöfum, styrktaraðilum eða orðræðu? Að hvaða leyti getum við stigið út fyrir án þess að vera umlukin samstundis aftur?

Á málþinginu Ritskoðun sem haldið var í Háskóla Íslands 29. janúar 2011 komu aðilar hvaðanæva að úr lista- og fræðaheiminum saman og ræddu þetta viðfangsefni. Uppsprettu þessara hugleiðinga má vissulega heimfæra upp á það atvik sem átti sér stað með Koddu sýningunni. Sú sýning var ekki til umræðu heldur ritskoðun/ritstýring almennt, á málþinginu mátti þó finna undirliggjandi tón sem virtist taka mið af atvikinu í Listasafni Árnesinga. Ábendingar og hugleiðingar vísuðu á það. Má þar til dæmis nefna þegar komið var inn á það hvornig listamaðurinn kemur að safninu, hvar samstarfið liggur og hvar ritskoðun eða þá ritstýringin á sér stað í því samhengi. Fram komu athugasemdir á við það að listamaðurinn kæmi inn á safnið sem verktaki og er þá líklega átt við hinn jákvæða menningarverktaka. Vísað er til myndlistarmanns sem vertaka sem vinnur eftir formerkjum safnsins og sinnir sínu starfi innan þess tímaramma sem óskað er eftir við ráðningu.

Í þessu samhengi er vert að huga að því hvar ábyrgð listamannsins gagnvart safninu, safnstjóranum, samfélaginu liggur. Að hvaða leyti getur hann leyft sér að ganga af göflunum og staðið bakvið það. Sem vertaki innan stofnunarinnar getur listamaðurinn að líkindum ekki tekið fulla ábyrgð á gjörðum sínum. Listastofnanir setja fram ákveðinn ramma sem endurkastast út á við sem ummerki um þau gildi sem þær standa fyrir eða gildi styrktaraðilianna, bakhjarlanna. Listamaðurinn gengur inn og ber samkvæmt formerkjum stofnunarinnar að virða þann strúktúr. Ábyrgð og ábyrgðarleysi í þeim samskiptum er vert að íhuga og velta þar með fyrir sér hlutverki listamannsins sem er vissulega að takast á við þætti sem viðkoma samfélaginu í heild. Listamaðurinn verður að geta staðið fyrir sínum listræna ferli á eigin ábyrgð og þar með falla og standa með eigin verki.

Listamaðurinn reynir á mörk en hvar þau mörk eru og að hvaða leyti þau koma fram virðist vera misjafnt eftir viðfangsefni og ferlum. Í Háskóla Íslands var helst minnst á mörk sem má kenna við tabú og hvornig gengið er fram af áhorfandanum með nekt, barnaníðingum og krossfestingum. Tekist er á við mörk sem eru innbyggð í okkur af freudískum eðlislægum forsendum og eru okkur öllu mannfólkinu kunnug. Hinsvegar var á málþinginu ekki farið eins mikið inn á umræðu um mörk sem ekki eru eins bersýnileg. Það er þegar ritskoðunin eða ritstýringin á sér stað innan rammans sjálfs, orðræðunnar og er þar með ekki eins greinileg og þegar amman sem svelgdist á hleypur út af sýningunni. Hvar kemur listamaðurinn að þeirri eilífu hringrás, sem hann getur vart látið reyna á því hann er svo innlimaður inn í hana sjálfur?

Við erum komin í hring í Koddu með styrk frá barónessunni. Þá er vert að spyrja hvort listamenn séu að gefast upp, játa sig sigraða af þessari hringrás eða hvort þeir séu fremur að vinna innan hennar, varpa ljósi á og hvort þeim er þar með veitt svigrúm til þess að stíga út fyrir. Hórerí, einlægt daður í skurðinum þar sem kallað er eftir Dorrit og þá vonandi barónessunni í fylgd með henni. Hóran, elsta starfstéttin og líklegast sú víðfeðmasta. Ég hórast, þú hórast, og þar með köllum við fram orðræðuna, hringrásina sem annars gleypir okkur, hóra nr. 1 sem hvíslar Koddu.



Reykjavík 16.apríl 2011

Tryllt trúboð

Þórunn Eymundardóttir myndlistarmaður lætur í vor af störfum sem forstýra Skaftfells á Seyðisfirði eftir sex ára starf. Elísabet Brynhildardóttir, hitti Þórunni á Seyðisfirði og ræddi við hana um daginn og veginn og framtíð þessarar afskekktu en mikilvægu menningarstofnunar.

Skaftfell, miðstöð myndlistar á Austurlandi, hefur verið starfrækt á Seyðisfirði síðan 1998 og hefur á þeim tíma laðað fjölda fólks til staðarins. Þar fer fram fjölbreytt og öflug listastarfsemi, ekki aðeins í formi sýninga heldur eru í Skaftfelli þróuð fræðsluverkefni á Grunnskólastigi, boðið upp á vinnustofudvöl tengd Dieter Roth akademíunni, þar eru gestavinnustofur og á jarðhæð hússins er snoturt kaffihús svo eitthvað sé nefnt.

Allt frá áramótum hefur rekstur Skaftfells verið í lausu lofti þar sem samningar milli ríkis og sveitarfélaga um rekstur Menningarmiðstöðva voru lausir. Þórunn útskýrði ástandið af nákvæmni:

„Skaftfell hefur fengið krónu á móti krónu frá sveitarfélaginu og ríkinu, í gegnum þríhliða menningarsamninga þar sem við tókum að okkur það hlutverk að vera ein af menningarmiðstöðvum Austurlands með áherslu á myndlist. Bærinn heldur enn sínu framlagi inni fyrir fjárhagsáætlun þetta árið þó svo að það séu engir samningar, þeir runnu út um áramót. Ríkið er að endurskoða menningarsamningana og samræma þá. Samningarnir við miðstöðvarnar ganga út á rekstrarstyrki sem koma frá ríki og sveitarfélögin leggja fram fjármagn á móti. En ef ekkert verður úr samningum ríkisins, þarf augljóslega eitthvað annað að koma í staðinn, annars er verið að henda barninu út með baðvatninu.“

Í endurnýjuðum samningum ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi, sem undirritaðir voru um miðjan apríl og gilda til ársloka 2013, er búið að fella út alla rekstrarstyrki. Menningarmiðstöðvarnar geta því aðeins sótt fjármagn í verkefnastyrki

„Ég hef ekkert rosalegar áhyggjur af þessu, ég veit að það kemur peningur og ég veit að það er fullur vilji fyrir því í ráðuneytinu, það er verið að vinna í þessum málum þar. En þetta má ekki vera svona ótryggt.

Við erum sjálfseignarstofnun og viljum vera það. Við erum með okkar fimm manna stjórn sem einhvern veginn lætur allt gerast, þannig að það ber engum skylda til að fjármagna starfsemi. Það heldur okkur svolítið á tánum því við getum ekki bara gert hvað sem er. En mér finnst þetta stundum snúast um ábyrgð, að það séu einhverjir opinberir aðilar sem séu reiðubúnir til að taka þessa stofnun að sér af því þeir sjái mikilvægið fyrir samfélagið. Eins ef að sveitarfélagi og ríki finnst ekki ástæða til að reka okkur þá er það bara ákvörðun sem þarf að taka. Mér finnst vanta ákvarðanatöku.

En svo er okkur alltaf hampað fyrir gott starf. „Skaftfell á Seyðisfirði þar er verið að vinna svo gott starf“ segja menn. Við erum einslags kokteilber sem er notað við tækifæri en þegar kemur að því að fjármagna hlutina þá er eins og það séu aldrei til neindir peningar. Það eru alveg til peningar þetta er bara skipulagsmál.“

Lenska að listamenn borgi með sér Skaftfell hefur fengið átta milljónir króna í rekstrarfé á ári en samkvæmt útreikningum ríkisins er það sú upphæð sem eitt stöðugildi kostar, þar með talin öll launatengd gjöld. Í Skaftfelli starfa tveir starfsmenn sem hafa deilt þessari stöðu með sér, Þórunn í 70% stöðu og Ólafía María Gísaldóttir í 30% stöðu.

„Núna var síðan verið að lækka mig niður í 50% eða ég var að lækka mig niður í 50%. Það

er það eina sem við getum gert til að spara. Og þetta þýðir að við þurfum að hætta við einhver verkefni. Samkvæmt áætlun kosta flest verkefni til dæmis milljón en ég get kannski alveg gert það fyrir 400.000. Sýningin verður samt. Þá eru laun til listamannsins skorin niður sem er svo furðuleg lenska í myndlistarheiminum. Ég er alltaf jafn hissa á því hvað fólk er til í að borga með sér, af því að ég veit að í öðrum listgreinum er þetta ekki svona gróft. Ef Sinfóníuhljómsveit Norðurlands á að spila þá eru þeim greidd laun, ferðakostnaður, hótél og matur. En þegar kemur að myndlistarmönnum þá dettur engum í hug að borga sömu gjöld, samt eru strákarnir sem slá upp fólkskum vegg í sýningarsalnum á launum og konan sem skúrar gólf. Allir nema listamaðurinn eru á launum! Maður spyr sig hvaðan listamaðurinn eigi þá að fá peninga til að búa til verkin?

Eðlilegast væri að við hefðum fjármagn til að vera með tvær góðar stórar sýningar á ári þar sem væri einhver almennilegur peningur og við gætum borgað listamönnum kannski tveggja mánaða laun fyrir að gera eina sýningu.“

Það hefur ávallt verið erfitt fyrir listamenn að fjármagna vinnu sína. Enda klisjan um þjáðan og sveltandi listamanninn lifseig. En er þetta klisja sem mætti vinna gegn?

Þetta er klárlega eitthvað sem SIM ætti að berjast fyrir sem stéttarfélag eða stéttarfélagsgildi. Það kemur þá niður á okkur sem þurfum að borga þennan pening.“

Skaftfell í vitund bæjarbúa

Þar sem Skaftfell hefur nú verið við lýði í 15 ár kemst aðkomu- maður vart hjá því að taka eftir þeim góða anda sem svífur þar yfir vötnum, sá andi hefur meðal annars laðað listamenn til Seyðis- fjarðar, sumir hafa jafnvel keypt sér hús þar. Í samfélagi sem byggist upp á sjávarútvegi er athyglisvert að velta fyrir sér áhrifum Skaftfells á heimamenn.

„Ég hef tekið eftir því, og ég er ekki héðan, en mér finnst fólk oftara tala um Seyðisfjörð, bæinn sinn, sem menningarbæ. Og íbúar bæjarins auðkenna eða samsvara sig við þá ímynd. Þetta er rosalega merkilegt því það er ekki eins og allir Seyðfirðingar séu eitthvað óðir í list og ég held að við eigum ákveðinn þátt í því að ímynd bæjarins er þessi. Ég hef oft talað um það að „toleransinn“ sé svo hár. Af því að þetta er ekki beint það að menn séu brjáláðir í gjörninga til dæmis heldur er það að fólk skilur þetta. Fólk kemur á sýningar og oft segist það ekki skilja hvað sé á seyði en náttúrulega því meira sem þú sérð, því læsari verður þú á það sem þú sérð. Þannig að ef að þú ert að tala um eitthvað uppeldis- hlutverk þá held ég að það sé löngu búið að sanna sig.“

Hið eilífa trúboð

Eins og fyrr sagði er Skaftfell ekki einungis sýningarrými heldur standa Skaftfellsmenn í miklu fræðslustarfi. Síðastliðin fjögur ár hafa þau útbúið fræðsluverkefni fyrir grunnskóla á Austurlandi þar sem markmiðið er að auka víðsýni nemenda og listkennslu í skólum.

„Það er mikilvægt að auka víðsýni þegar þú býrð á stað eins og þessum. Hér er einn megin atvinnuvegur, sjávarútvegur, enginn menntaskóli og atvinnuhorfur eru litlar. Krakkarnir alast hér upp í mjög einsleitu samfélagi og síðan fara þau, eða þau fara ekki, mennta sig ekki og halda áfram lífinu hér. Á þessum miklu mót- unarárnum upplifa þau ekkert nema að lífið sé „svona“. Við viljum sýna þeim að lífið sé allskonar og til að upplifa það þurfa ekki endilega allir að vera áhugasamir um myndlist eða með listræna hæfileika. Ég held að það sem listir almennt gera fyrir fólk er að opna augu þeirra fyrir hinu óvænta, óvenjulega og öllum möguleikum.“

Nú erum við að fara inn í fjórða veturinn með svona verkefni. Móttökunar hafa verið rosalega góðar. Við komumst inn í fleiri og fleiri skóla eftir því sem tíminn líður, þetta eru erfiðar stofnanir að komast inn í og skólarnir misjafnir. Þetta er langtímaverkefni og hefur það markmið að enginn ljúki grunnskóla án þess að hafa farið einu sinni í gegnum fræðsluverkefni frá okkur. Mér finnst þetta vera lífsgæðaspursmál, að gefa fólki tæki til þess að gera sem mest úr því sem það getur.

Núna erum við að vinna að fjármögnun á verkefnum fyrir næsta ár og þá varð það bara til í einhverju spjalli hérna á skrifstofunni hjá okkur; hvort það væri ekki sniðugt að hafa einhvern fræðslu- pakka, sem hægt væri að senda til skólanna, þá þyrfti ekki að senda kennara með. Hildigunnur Birgisdóttir, sem hefur unnið mikið í Myndlistaskóla Reykjavíkur, er að þróa þessa hugmynd og býr til þennan fræðslupakka. Verkefnið er þannig að við höfum gefið skólunum námskeiðin og þeir hafa ekki þurft að gera meira en að búa til tíma í stundaskránni. En það eru ekki allir sem vilja fá þessa fræðslu, eiga til dæmis erfitt með að koma þessu inn í stundaskrána. Grunnskólar eru mjög fjársveltir og lokaðar stofnanir. Um leið og þú ert farinn að riðla planinu þeirra þá er það farið að kalla á ýmsan aukakostnað frá skólunum.

Í fyrra voru þó einungis tveir skólar af 17 sem ekki tóku þátt. Við reynum að hafa þetta svoltið fjölbreytt og gerum ný verkefni á hverju ári. Okkur finnst þetta líka svo gaman, en það versta er að vegna fjárskorts er ekki hægt að fá krakkana hingað til Seyðis- fjarðar. Hér gætum við byggt námskeiðin í kringum sýningar í Skaftfelli, en það eru víst ekki til rútuþeningar. Alveg ótrúlegt.

Fyrsta fræðsluverkefnið sem við unnum var í samstarfi við Listasafn Íslands þar sem sett var upp sýningin *Íslensk myndlist 100 ár í hnotskurn*. Þar var farið á handahlaupum í gegnum síðustu 100 ár í íslenskri myndlistarsögu og þróunin rakin frá landslagsmálverki í það sem myndlist er í dag. Daníel Björnsson kenndi krökkunum og þau fóru yfir sýninguna og unnu verkefni út frá henni. Það voru nokkrir skólar sem ekki sendu nemendur sína einfaldlega út af því að það voru ekki til peningar fyrir rútu. Manni finnst það svo súrt því það er svo mikill fengur að fá svona sýningu. Þetta var ekki bara einhver sýning, þarna voru verk eftir alla helstu listamenn þjóðarinnar. Og fyrir suma skóla strandaði þetta á rútukostanaði.

Oft stranda hlutirnir á einhverju svona. Þannig að núna erum við á því að taka rútukostnaðinn inn í okkar útreikninga. Og þá er þetta orðið trúboð. Alveg tryllt trúboð.“

Lífið eftir Skaftfell

Þórunn stígur bráðum úr sæti sínu sem forstýra Skaftfells enda hefur hún setið á þeim stól í tæp sex ár. Stjórn Skaftfells er endurnýjuð á þriggja ára fresti og Þórunn segist ætla að víkja þegar ný stjórn verður skipuð í vor.

„Ég held að það sé bara hættulegt fyrir svona stofnun að vera með sama stjórnandann of lengi. Samt er rosalega erfitt að stíga út úr Skaftfelli þegar fjárhagurinn er svona tæpur. Ég hef persónulegan metnað fyrir hönd Skaftfells og lít á það líkt og barnið mitt. Það er svoltið upplifun allra sem koma að Skaftfelli því það verður svo auðveldlega tengt manni. Algert fjöregg, ofsalega mikilvægt í okkar huga, en einstaklega viðkvæmt. En ég veit að það er til fullt af góðu fólki sem getur tekið við.“

Þórunn útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands vorið 2006 og segist hafa unnið mikið við listina í kringum útskriftina, en eftir að hafa tekið við sem forstýra Skaftfells þá hafi hvorki verið tími né rúm fyrir hennar eigin listsköpun.

„Ég hlakka rosa til að sjá hvað gerist þegar ég fer að vinna. Ég var að sækja um vinnustofu til að fara einhvert í mánuð og þurfti þá að senda inn myndir af verkum og ferilskrá. Það var svoltið skrítið að setja þessi skjöl saman. Ég átti að senda inn myndir af átta verkum og stóð mig að því að vera komin svo ótrúlega langt frá verkunum.“

Það að vera stjórnandi í myndlist er mjög letjandi á eigin listsköpun svo ég hætti nánast að gera list fyrir um þremur árum. Kjarninn er þarna ennþá en ég hef það á tilfinningunni að það komi einhver allt önnur list þegar ég byrja á ný, því þetta er jú eins og að kynnast sér alveg uppá nýtt. Ég veit ég hef breyst ótrúlega mikið en ég veit ekkert hvornig. Þetta verður mjög spennandi.

LIKE 

Fyrsta úgáfusýningin þarf að vera á góðum stað.

Við fáum Kling & Bang gallerí lánað og skellum upp sýningu með verkum nokkurra þeirra listakvanna sem eiga verk í blaðinu eða fjallað er um þar.

Kling & Bang

er listamannarekið gallerí. Stofnað af tíu

myndlistarmönnum árið 2003 og hefur því kannski tórt óvenju lengi í hörðum heimi listamannarekinna rýma.

Og lifað tímana tvenna.

Munið eftir listamannamiðstöðinni Klink og Bank? Jú, hvernig er svo sem hægt að gleyma því? 5000 fermetra rými þar sem rúmlega 130 myndlistarmenn, hönnuðir, kvikmyndagerðarmenn og tónlistarmenn störfuðu, héldu viðburði, sýningar, fyrirlestira og bara alls konar á árunum 2004 til 2005.

Það var einmitt rekið af Kling & Bang gallerí.

Jama og jæja.

Kling & Bang gallerí var stofnað af ákveðinni nauðsyn. Það vantaði vettvangur fyrir myndlistarmenn af yngri kynslóðinni. Galleríið sannaði sig fljótt og er nú bæði vettvangur ungra sem eldri listamanna. Framsækið gallerí sem kappkostar að kynna myndlist sem ögrar kannski samhengi og innihaldi skapandi hugsunar. (Það stendur alla vegu á heimasíðunni þeirra). Fjölmargir listamenn, íslenskir sem erlendir hafa sýnt í Kling & Bang og galleríið hefur tekið þátt í fjölda viðburða. Þau fluttu til dæmis barinn Sirkus til London einu sinni. Er það ekki dáltil klikkun?

Núna er Kling & Bang til húsa að Hverfisgötu 42 og leggur sitt af mörkum til að glæða þá góðu götu lífi.


Einu sinni var þetta samkomusalur Samhjalpar.

Finasta rými. Alltaf eitthvað að gerast.

(Og svo er þessi súla þarna á miðju gólfinu sem er ákveðin áskorun að vinna með.


Hvað er þetta annars með súlur í íslenskum sýningarsölum?)





Elísabet Brynhildardóttir

Sigríður Torfadóttir Tulinius
sigga86@gmail.com
www.sigridurtulinius.wordpress.com





Pórgunnur Oddsdóttir

Texti
Lára Kristín Kristinsdóttir
mynd
Sigríður Torfadóttir Tulinius
sigga86@gmail.com
www.sigridurtulinius.wordpress.com



Lára Kristín Kristinsdóttir og
Perla Dagbjartar Hreggviðsdóttir

rythms
2011
Ráðhildur Ingadóttir
radaingadottir@yahoo.com
www.radhildur.com



tilvitnun í
viðmælanda
Endemis

rythms
2011
Ráðhildur Ingadóttir
radaingadottir@yahoo.com
www.radhildur.com



Katrín I. J. H. Hirt
katrin.ijh@gmail.com


work in progress
Jeanette Castioni
jeannettecast@gmail.com
www.jeann.net



texti
Guðlaug Matthildur Jakobsdóttir
mynd
Elísabet
Brynhildardóttir

ólógía III (2011)
pappír, gvasslitir, blek
23.8 x 34 cm og 20 x 20 cm


Hugsteypan
Ingunn Fjóla Ingbórsdóttir
Þórdís Jóhannesdóttir
hugsteypan@gmail.com
Hugsteypan.com



tilvitnun í
viðmælanda
Endemis


ólógía III (2011)
pappír, gvasslitir, blek
23.8 x 34 cm og 20 x 20 cm


Hugsteypan
Ingunn Fjóla Ingbórsdóttir
Þórdís Jóhannesdóttir
hugsteypan@gmail.com
Hugsteypan.com



texti og klippimynd
af Þorgerði
Elísabet Brynhildardóttir
aðrar myndir
Þorgerður Ólafsdóttir

hring eftir hring, aftur og aftur
akríl á pappír
2008
Anna Hrund Másdóttir
annahrund@gmail.com
annahrund.carbonmade.com







snýkjúdyrið í Innvolsi hugans
teikning, blek og trélitur
á pappír, 2007
Rakel Jónsdóttir
sveimhuga@gmail.com

texti og teikningar
Selma Hreggviðsdóttir
ljósmynd: Ólöf Nordal




NEWYORK NEWYORK
positive smiley/
jákvæður broskall
24 x 22 cm
living (in New York City) is Easy
63 x 74 cm
vefnaður (2010)
Arna Óttarsdóttir
arna.ottarsdottir@gmail.com
arna.carbonmade.com

texti og teikningar
Selma Hreggviðsdóttir




NEWYORK NEWYORK
bricks / múrsteinar
32 x 25 cm
weird blanket/skritið teppi
52 x 41 cm (án kögurs)
vefnaður (2010)
Arna Óttarsdóttir
arna.ottarsdottir@gmail.com
arna.carbonmade.com

tilvitnun í
viðmælanda
Endemis
ljósmynd
Lilja Birgisdóttir



texi og uppsetning
Ragnhildur Jóhanns
myndir frá
Kristínu Rúnarsdóttur


förn
myndbands stíla, 2011
ringulreið
innsætning, blönduð tækni,
2008
Rakel Jónsdóttir
sveimhuga@gmail.com



teip
límband og spónaplata
30 x 57,5 cm
2010

Kristín Rúnarsdóttir
kristinrunarsdottir@gmail.com
kristinrunars.wordpress.com

Bryndís Björnsdóttir



grunnstaða :
geðshræring
pappírlímband
2009

Anna Hrund Másdóttir
annahrund@gmail.com
annahrund.carbonmade.com

texti og myndir
Elísabet Brynhildardóttir



Marcelas and Florians dream
brot (vinstri)
cone (hægri)

Guðrún Benónýsdóttir
gudrunben@gmail.com
gbenonys.blogspot.com

læk
Sigríður Torfadóttir Tulinius

texti og mynd
Þórgunnur Oddsdóttir
teikning
Selma Hreggviðsdóttir



ornamental pine
my tropical christmas tree
weeping pine

Guðrún Benónýsdóttir
gudrunben@gmail.com
gbenonys.blogspot.com

mynd
Elísabet
Brynhildardóttir
texti
Perla Dagbjartar
Hreggviðsdóttir





Endemi er hugsjón. Hugsjón um að búa til vettvang fyrir myndlistakonur til að koma verkum sínum og skoðunum á framfæri. Án dyggrar aðstoðar fólks og stofnana sem hafa trú á þessa hugsjón hefði Endemi líklega aldrei litið dagsins ljós.

Því langar okkur að nota tækifærið til að koma á framfæri innilegu þakklæti til Hlaðvarpans og Reykjavíkurborgar fyrir fjárstyrki og þökkum um leið Kling og Bang gallerí fyrir að lána okkur sýningarrýmið undir útgáfusýninguna.

Þá langar okkur að þakka öllu því hæfileikaríka fólki sem hefur tekið þátt í þessu ævintýri með okkur, ekki síst þeim myndlistakonunum og gestapenum sem lögðu fram tíma sinn og óeigingjarna vinnu í verk fyrir tímaritið og/eða sýninguna. Án ykkar væri Endemi hvorki fugl né fiskur. Þá fær Jeannette Castioni innilegar þakkir fyrir að lána okkur vinnustofuna sína og Sirra Sigrún Sigurðardóttir fyrir að taka að sér sýningarstjórn á útgáfusýningunni.

Ef heimurinn virkaði eins og hann ætti að virka hefðum við ausið ykkur gulli og grænum skógum úr óendanlegum styrktarsjóði hugsjónarinnar Endemis en í staðinn fáði þið (bara) endalaust þakklæti og Endemis virðingu.



Katrín I.J.H. Hirt

Þorgerður Ólafsdóttir

Sigríður Torfadóttir Tulinius

Ráðhildur Ingadóttir

Jeannette Castioni

Hugsteypan

Rakel Jónsdóttir

Arna Óttarsdóttir

Kristín Rúnarsdóttir

Guðrún Benónýsdóttir

Ólöf Nordal

Guðlaug Matthildur Jakobsdóttir

Þórunn Eymundardóttir



© 2011

ISSN 1670-8903



9 771670 890000